

Úttekt á starfsemi  
Fjölbrautaskólans við Ármúla  
október 2010 til janúar 2011

Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið



Hitt og Þetta ehf.

Jón Bergsson

Guðrún Helga Sederholm

Kópavogur, 27. Janúar 2011

## Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

 Hitt og Petta ehf

Ráðgjafapjónusta

Víðigrund 61, 200 Kópavogur

Sími 5544873 – 8645622

Kt. 560896 – 2989

[www.hittog.com](http://www.hittog.com)

## EFNISYFIRLIT

<b>HEILDARMAT</b> .....	<b>4</b>
<b>INNGANGUR</b> .....	<b>6</b>
<b>MARKMIÐ ÚTTEKTAR</b> .....	6
<b>FRAMKVÆMD</b> .....	6
<b>SKÓLINN</b> .....	<b>8</b>
<b>STUTT LÝSING Á FJÖLBRAUTASKÓLANUM VIÐ ÁRMÚLA</b> .....	8
<b>SKÓLASTEFNA OG ÁHERSLUR SKÓLANS</b> .....	10
<b>STJÓRNUN OG SKIPULAG</b> .....	12
<b>YTRI TENGL</b> .....	<b>16</b>
<b>TILLÖGUR</b> .....	17
<b>SKÓLANÁMSKRÁ</b> .....	<b>18</b>
<b>ALMENNUR HLUTI OG NÁMSBRAUTARLÝSINGAR</b> .....	18
<b>INNTÖKUSKILYRÐI</b> .....	20
<b>SKIPULAG SKÓLASTARFS</b> .....	21
<b>TILLÖGUR</b> .....	26
<b>KENNSLA, NÁMSKRÖFUR OG NÁMSMAT</b> .....	<b>27</b>
<b>KENNSLA</b> .....	27
<b>NÁMSKRÖFUR OG NÁMSMAT</b> .....	28
<b>TILLÖGUR</b> .....	29
<b>FÉLAGSLEGT UMHVERFI</b> .....	<b>30</b>
<b>SKÓLABRAGUR</b> .....	30
<b>NÁMSRÁÐGJÖF OG STUÐNINGUR VIÐ NEMENDUR</b> .....	31
<b>EINELTI Í SKÓLANUM</b> .....	32
<b>NEMENDAFÉLAG</b> .....	33
<b>FORVARNARSTARF</b> .....	33
<b>TILLÖGUR</b> .....	33
<b>STOÐÞJÓNUSTA</b> .....	<b>34</b>
<b>RÁÐGJÖF OG STUÐNINGUR</b> .....	34
<b>MÓTTAKA NEMENDA MEÐ ANNAÐ MÓÐURMÁL EN ÍSLENSKU</b> .....	35
<b>TILLÖGUR</b> .....	36
<b>MAT Á SKÓLASTARFI</b> .....	<b>37</b>
<b>INNRA MAT OG UMBÓTASTARF</b> .....	37
<b>YTRA MAT</b> .....	40
<b>TILLÖGUR</b> .....	40
<b>SÉRDEILDIN</b> .....	<b>41</b>
<b>TILLÖGUR</b> .....	42
<b>NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA</b> .....	<b>43</b>
<b>STYRKLEIKAR OG VEIKLEIKAR</b> .....	43
<b><i>Styrkleikar</i></b> .....	43

<i>Veikleikar</i> .....	44
<b>TILLÖGUR AÐ AÐGERÐUM TIL ÚRBÓTA</b> .....	44
<b>HEIMILDIR</b> .....	46

## Heildarmat

Fjölbrautaskólinn við Ármúla er fjölmennasti framhaldsskóli landsins og hefur verið það síðustu sex árin. Fjölbreytni í nemendahópnum er mikil og aldursdreifing einnig. Námsframboð er mikið og Heilbrigðisskólinn hefur verið hluti skólans síðan 1998 með mörgum starfsnámsbrautum. FÁ er einnig stærsti fjarnámsskóli á framhaldsskólastigi í landinu. Húsakostur skólans þau 30 ár sem hann hefur starfað hefur verið ófullnægjandi en nú horfir skólinn til nýbyggingar sem að hluta til er komin í notkun og bætir alla aðstöðu í skólanum. Mikill óstöðugleiki er í nemendahópi skólans af ýmsum ástæðum og það eykur á sérstöðu hans.

Að framansögðu verður að telja skólanum til tekna hve vel hefur tekist til með mótun skólastefnu og hversu skýrar áherslur skólans hafa verið frá upphafi og eru enn. Skólastefnan virðist samtvinnuð öllu skólastarfinu og þau gildi sem þar eru sett fram virðast í heiðri höfð og tengjast beint Lögum um framhaldsskóla 92/2008, 2.gr. um hlutverk framhaldsskóla.

Stjórnskipan FÁ er skýr og kemur ágætlega fram á vefsíðu skólans. Sterkt kennaralið starfar við skólann og viðhorf kennara til nemenda endurspeglast í virðingu fyrir þeim. Nemendur hafa tileinkað sér virðingu fyrir ólíkum einstaklingum og taka eftir ef framkoma starfsmanna er ekki í takt við stefnu skólans. Aðkoma nemenda að mótun skólastefnu mætti vera tryggari.

Skólastarf FÁ er vel skipulagt og kemur fram í brautalýsingum og áfangalýsingum sem eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Samræmi er milli námsmarkmiða, kennsluhátta og námsmats. Virða ber óskir nemenda um meira símat á kostnað prófa. Stoðkerfi skólans er vel skilgreint og nemendavænt.

Skólanámskrá virðist þurfa að ritstýra betur á vefsíðu skólans en eins og er er hún dreifð um síðuna en hún er þó í góðu samræmi við gildandi lög og aðalnámskrá. Vinna við nýja skólanámskrá er í gangi en áhyggjuefni ef ágreiningur um vinnutilhögun vegna nýrra laga við Kennarasamband Íslands hindra frekari vinnu.

Skólinn á í ákveðnum ímyndarvanda sem þarf að taka á enda kemur fram í viðtölum við kennara að þeir vilji sjá fleiri sterka bóknámsnemendur og meiri stöðugleika í nemendahópnum til þess að styrkja grunnstoðirnar. Þeim finnst erfitt að sjá á eftir góðum nemendum yfirgefa skólann og fara í aðra framhaldsskóla. Nemendum finnst ómaklegt að heyra neikvætt umtal um skólann. Stjórnendur, kennarar og nemendur telja það skólanum til mikils ávinnings hve öflugt stoðkerfi er í skólanum og hve einstaklingsmiðaður skólinn er.

## Hitt og Þetta ehf.

Sérdeildin sem starfar við skólann er að mati allra viðmælanda í þessari úttekt mikill ávinningur fyrir skólann. Þeir telja að menntunargildi hennar fyrir alla nemendur skólans sé ótvírætt.

Sjálfsmat skólans þarfnast algerrar endurnýjunar, því það virðist gagnast skólanum lítið í dag og uppfyllir ekki viðmið ráðuneytisins. Skilgreina þarf fleiri kennitölur og árangursviðmið og efla gagnavinnslu, til viðbótar þeim viðhorfskönnunum sem gerðar eru í dag. Þannig yrði matið altækara og meira greinandi og nýttist betur í umbótaverkefnum eins og vinnu við nýja skólanámskrá.

## Inngangur

### Markmið úttektar

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (MMR) sendi Hitt og Þetta ehf ([www.hittog.com](http://www.hittog.com)) „Erindisbréf vegna úttektar á Fjölbrautaskólanum við Ármúla“, þann 20. október 2010 (MMR10090452/6.14.3-) (60). Þar segir:

„Markmið með úttektinni er að leggja mat á starfsemi Fjölbrautaskólans við Ármúla með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennt upplýsingar um starfsemi skólans. Í úttektinni skal m.a. lögð áhersla á eftirfarandi: Stjórnun, kennslu, námsmat, námskröfur, nýtingu tíma, starfsanda, viðhorf nemenda, starfsfólks og nærsamfélags til skólastarfsins, svo og menntun kennara. Jafnframt skal lagt mat á hvernig innra mat skólans nýtist skólanum, sérstaklega með tilliti til umbótastarfs.“

Úttektin skal unnin á tímabilinu október 2010 til janúar 2011, og byggjast á fyrirliggjandi gögnum og viðtölum við skólameistara og aðra stjórnendur og fulltrúa kennara, annars starfsfólks, nemenda, foreldra og skólanefndar. Úttektarskýrslu skal skilað til MMR fyrir 29. janúar 2011, og í henni skal gerð grein fyrir helstu styrkleikum og veikleikum skólastarfsins og setja fram rökstuddar og raunhæfar tillögur að aðgerðum til úrbóta. Áður en úttektarskýrslu er skilað skal gefa skólameistara og formanni skólanefndar tækifæri til að gera efnislegar athugasemdir við lokadrög skýrslunnar, en úttektaraðilar meta hvort tillit er tekið til athugasemda við lokagerð skýrslunnar.

### Framkvæmd

Í úttektinni var farið eftir skilgreiningu á umfangi, markmiðum, viðföngum, tímasetningu, og skilakröfum eins og sett er fram í erindisbréfi ráðuneytisins og fylgiskjali. Byggt var á skipulögðum viðtölum og rýni gagna. Allar niðurstöður í úttektinni byggjast á staðfestum og rekjanlegum gögnum og orðrétt skráðum viðtölum við viðmælendur.

Fjölbrautaskólinn við Ármúla var heimsóttur í nóvember og viðtölin fóru þar fram sem einstaklingsviðtöl í einrúmi og þátttakendur gáfu góðfúslega leyfi til upptöku viðtalanna. Viðtölin voru rituð um leið og þau fóru fram en upptökur notaðar við lokafrágang til að

## Hitt og Þetta ehf.

tryggja réttmæti. Tveir úttektaraðilar voru í viðtölunum, spyrill og ritari. Sami viðtalsvísir var notaður í öllum viðtölunum til að tryggja samræmi í spurningum sem lagðar voru fyrir viðmælendur, en í þremur útgáfum: Fyrir stjórnendur og kennara, fyrir nemendur og foreldra, og fyrir starfsfólk. Einstaklingar innan sama hóps fengu jafnlangan tíma í viðtali til að tryggja jafnræði.

Eigindleg aðferð (Qualitative research) var notuð til að greina áhersluþætti í viðtölunum og dregin var fram orðrétt frásögn í texta innan gæsalappa í skýrslunni til að auka trúverðuleika.

Tekin voru viðtöl við skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, formann skólanefndar og fulltrúa starfsmanna, kennara, nemenda og foreldra nemanda yngri en 18 ára. Alls voru tekin nítján viðtöl.

Allir þátttakendur tóku úttektaraðilum vel og viljum við koma á framfæri þakklæti okkar fyrir samvinnuna.

Úttektarskýrslunni er skipt í nokkra meginkafla: Skólinn, skólanámskrá, kennsla/námsmat/námsárangur, félagslegt umhverfi, stoðþjónusta og mat á skólastarfi. Í lok hvers undirkafla er „mat okkar“ og í lok hvers meginkafla eru „tillögur“. Þannig er reynt að lýsa, greina og meta alla þætti skólastarfsins eins og kostur er. Aftast í skýrslunni eru niðurstöður höfunda flokkaðar í styrkleika og veikleika og tillögur að aðgerðum til úrbóta og heimildaskrá. Fremst í skýrslunni er heildarmat úttektaraðila.



## Skólinn

### Stutt lýsing á Fjölbrautaskólanum við Ármúla

Fjölbrautaskólinn við Ármúla var stofnaður haustið 1981, en hafði þá verið framhaldsskóli frá 1979. Í vikupistli skólameistara í janúar 2011 kemur fram að áætlað er að halda upp á 30 ára afmæli skólans 10. september í haust (8). Heilbrigðisskólinn var stofnaður 1998 sem sérstök stofnun innan skólans til að halda utanum það nám. Í skólanum er starfandi sérdeild fyrir fatlaða nemendur. Ítarlegt yfirlit yfir sögu og þróun skólans má sjá á vefsíðu, Um skólann (5).

Aðalbygging skólans er í Ármúla 12 (5426 fm) en auk þess er leiguhúsnæði í Ármúla 10 (465 fm) og Ármúla 17 (217 fm). Íþróttakennsla fer fram í Framheimilinu við Safamýri og starfsnám nemenda Heilbrigðisskólans á fjölmörgum heilbrigðisstofnunum, Nuddskóla Íslands og húsnæði tannlæknadeildar HÍ. Vorið 2008 hófust framkvæmdir við 3000 fm nýbyggingu við skólann sem á að vera tilbúin haustið 2011, en þá mun öll starfsemi skólans verða undir sama þaki, nema íþróttakennsla og hluti starfsnáms (9). Fréttabréf stýrihóps nýbyggingar og framkvæmdaáætlun má sjá á vefsíðu (1), og góða afstöðumynd af skólasvæðinu eftir stækkun (2). Ný skrifstofuálma, eldhús og matsalur og hátíðarsalur hafa þegar verið tekin í notkun, svo nú geta nemendur, kennarar og starfsfólk borðað saman ókeypis hafragraut á morgnana og hádegismat á hóflegu verði. Vikulegan matseðil mötuneytis má kynna sér á vefsíðu (24).

Nokkuð öflugt bókasafn er í skólanum og má sjá upplýsingar um safnkost o.fl. í ársskýrslu safnsins 2009-2010 á vefsíðu (22).

FÁ er fjölbrautaskóli með áfangakerfi og notfærir sér það með ýmsum hætti í námsframboði sínu. Boðið er upp á bóknámsbrautir til stúdentsprófs, starfsmenntabrautir á heilbrigðissviði, sérnámsbrautir og almenna námsbraut, auk þess sem skólinn rekur öflugt fjarnám og sérdeild fyrir fatlaða nemendur. Fjórtán námsbrautir eru í boði í skólanum (10).

Menntamálaráðuneytið hefur nýlega samþykkt að FÁ megi hefja kennslu í framhaldsnámi fyrir sjúkraliða í geðhjúkrun og framhaldsnámi í sjúkrahúslyfjatækni. Þetta er viðbótarnám eftir starfsnám eða stúdentspróf og jafngildir rúmlega eins árs fagháskólanámi og er nýjung á Íslandi. Kennsla hefst á þessum tveimur brautum 11. janúar og munu nemendur útskrifast í desember 2012. FÁ hefur unnið að þessu verkefni í nokkur ár í nánú samstarfi við Landspítalann, Sjúkraliðafélag Íslands, Lyfjatæknafélag Íslands, Landlækni og mennta- og menningarmálaráðuneytið (8).

Samkvæmt upplýsingum frá skólameistara (byggt á gögnum frá Hagstofunni) voru 15. október 2010 alls 2624 nemendur í skólanum, og þróunin undanfarin þrjú ár er þannig (49):

**Tafla I**

Árið	Nemar alls	Konur	Karlar	Meðalaldur í dagskóla	Dagskóli fjöldi	Fjarnám fjöldi
2008	2914	1990 (68%)	924	25	974	1940
2009	3077	2095 (68%)	982	25	970	2107
2010	2624	1758 (67%)	866	24	932	1692

Mestur var fjöldi nemenda í dagskóla árin 2006, 1059 nemendur, og 2007, 1031 nemendur, en nemendum í fjarnámi fjölga stöðugt og eru 2107 árið 2009 (13), en fækkar í 1621 árið 2010 vegna niðurskurðar á fjárlögum (49). Athyglisvert er að konur eru helmingi fleiri en karlar í skólanum, meðalaldur er um 25 ár og fjarnemendur eru að jafnaði um helmingi fleiri en dagskólanemendur. Undanfarin sex ár hefur FÁ verið með flesta skráða nemendur íslenskra framhaldsskóla (13).

Nemendur koma alls staðar að af landinu og einnig er nokkur hópur erlendis (í fjarnámi). Dagskólanemendur eru allir búsettir á Reykjavíkursvæðinu þó margir þeirra eigi lögheimili úti á landi.

Fjöldi útskrifaðra síðustu þrjú ár eftir brautum, af sérdeild og með stúdentspróf er þannig (49):

**Tafla II**

Braut	2008		2009		2010		Alls
	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	
Heilbrigðisritarar	5	16	4	1	4	4	34
Heilsunuddarar	10	5	19	5	13	5	57
Læknaritarar	8		4	2	6	2	22
Sjúkraliðar	81	6	13	5	14	3	122
Framhaldsnám sjúkraliða		29	1	12		23	65
Tanntæknar	8		6		12		26
Lyfjatæknar		10	2	6	3	2	23
Viðskiptabraut			1				1
Upplýsingatæknibraut	1						1
Stúdentspróf	74	60	93	78	85	60	450
Sérdeild	1		5		8		14
<b>Alls á önn</b>	<b>188</b>	<b>126</b>	<b>148</b>	<b>109</b>	<b>145</b>	<b>99</b>	<b>815</b>
<b>Alls á árinu</b>		<b>314</b>		<b>257</b>		<b>244</b>	<b>815</b>

## Hitt og Þetta ehf.

Auk þess útskrifast alltaf nokkur hópur á öðrum tímum ársins, og hafa því alls útskrifast um 830 nemendur á síðustu þremur árum.

Ef sérdeildin er undanskilin þá hafa útskrifast 450 stúdentar síðustu þrjú ár og 351 úr starfsnámi. Nær allir eru úr Heilsuskólanum, flestir eru sjúkraliðar, 187.

**Mat okkar** er að nýbygging við skólann breytir aðbúnaði verulega fyrir alla í FÁ.

Skólinn virðist þjóna mjög breiðum hópi nemenda, og fleiri nemendum en aðrir framhaldsskólar á landinu.

### Skólastefna og áherslur skólans

Menntastefnu Fjölbautaskólans við Ármúla er þannig lýst á vefsíðu:

- „Skóli er samfélag manna. Þaðan fara flestir með formleg próf í farteski sínu. Það er eitt aðalsmerki menntunar að menn njóta sín betur í lífi og starfi en ella. En jafnframt stuðlar menntun að því að fólk nýtur betur þeirra verðmæta sem umhverfið býður upp á. Skólinn vill stuðla að því að nemendur verði betur skyggnir á líf og listir í samfélagi sínu að námi loknu.
- Í starfi sínu mun skólinn leitast við að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, efla læsi þeirra í víðasta skilningi þess orðs, lýðræðisvitund, jafnréttishugsjón, menntun til sjálfbærni og sköpunaranda
- Skólinn mun áfram leitast við að sinna fjölskrúðugum hópi nemenda í samræmi við námskrá hverju sinni. En samskipti nemenda eru mikilvæg líka og þeir læra hver af öðrum. Skólinn vill stuðla að slíkum kynnum, m.a. með því að stuðla að heilbrigðu og öflugum félagslífi. Nemendur eru á ýmsum aldri og býr hópurinn því yfir mjög fjölbreytilegri reynslu“ (4).

Skólastefna hefur verið mótuð á mörgum sviðum t.d. menntastefna, umhverfisstefna, starfsmannastefna. Ólafur aðstoðarskólameistari segir að skólastefna hafi verið mótuð 1996 og sé á heimasíðu skólans en nú fari fram endurskoðun á henni í takt við nýja námskrá og lög. Gísli skólameistari segir: „*Stefna mín er að hér sé þverskurður af þjóðinni...þeir fötluðustu, nýbúar, eldra fólk, yngra fólk..við reynum að þjóna hverjum og einum á hans forsendum. Nemendur frá 26 þjóðlöndum*“. Kennari segir: „*Við höfum verið stolt af því að vera með sem fjölbreyttastan hóp hérna...ekki bara sitja uppi með hann...heldur gera vel við alla hvort sem eru nýbúar, lesblindir eða fatlaðir eða hvað sem er*“.

## Hitt og þetta ehf.

Mótun skólastefnunnar hefur tekið langan tíma og viðmælendur eru sammála um að þetta hafi verið samvinna flestra starfsmanna skólans. Gott andrúmsloft sé milli nemenda og kennara og innbyrðis meðal starfsfólks. Ólafur aðstoðarskólameistari segir: „*Kennarar, skólastjórnendur og fleiri...nemendur komu inn en voru ekki mjög virkir*“.

Nemendur vissu fæstir hvað átt var við með orðinu skólastefna: „*Ertu að tala um nemendafélagið*“. „*Skil ekki alveg*“. „*Góð spurning*“.

Að mati viðmælenda nær skólastefnan til flestra þeirra fimm grunnþátta sem ráðuneytið setti fram: læsis, jafnréttis, lýðræðis, sjálfbærni menntunar og skapandi starfs. Skólinn hefur fengið Grænfánan þriðja árið í röð og er fyrsti framhaldsskólinn til að fá hann fyrir umhverfisstefnu sína. Gísli skólameistari segir: „*Fyrsti framhaldsskólinn með Grænfánann á landinu...reynt að vekja umhverfisvitund nemenda með því. Jafnrétti og lýðræði kemur af því að vera með þennan breiða hóp, fatlaðir, dyslexíkerar og útlendingar. Læsi með því að vera með þessa miklu dyslexíuaðstoð. Gera alla læsa í sem víðustum skilningi*“. Foreldri bendir á að fjármálalæsi vanti í skólana.

Ekki verður annað séð en að skólastefnan sé vel þróuð og skólinn starfi samkvæmt þessari stefnu í dag. Fimm grunnþættir í menntun eru hluti af skólastefnunni, en hún er nú í endurskoðun til samræmis við nýja námskrá. Í þeirri endurskoðun ætti að huga betur að því að rödd nemenda heyrir í skólastefnunni.

Skólasamningur milli ráðuneytisins og FÁ, samkvæmt ákvæðum 44. gr. framhaldsskólalaga, kveður á um helstu áherslur í starfsemi FÁ á samningstímanum, 2010-2012:

- „Nemendum skólans sé búið umhverfi sem stuðlar að menntun þeirra í víðasta skilningi þess orðs.
- Nýbygging skólans nýtist sem best til eflingar skólastarfs.
- Innleiðing nýrra framhaldsskólalaga.
- Markvisst verði unnið að uppbyggingu framhaldsnáms Heilbrigðisskólans.
- Haldið verði áfram að efla fjarnámið.
- Unnið verði að umbótum á öllum þáttum skólastarfsins í tengslum við innra mat.
- Sérstakt átak verði gert til að bæta stöðu nemenda á almennri námsbraut.
- Skólinn leggur áherslu á hallalausan rekstur.
- Skólinn leggur áherslu á að starfsmönnum líði vel“ (9).

## Hitt og Þetta ehf.

Sá fyrirvari er settur að „ráðuneyti leggur áherslu á að efnahagsaðstæður við undirritun samningsins setja skólanum þröngar skorður þar sem niðurskurður ríkisútgjalda er fyrirsjáanlegur. Því gætu sum þeirra markmiða, sem hér eru sett, þarfnast endurskoðunar í ljósi aðstæðna“ (9).

Samkvæmt síðasta vikupistli skólameistara er verulegur niðurskurður á fjárframlögum til skólans þetta ár, 2011, meiri en hjá nokkrum öðrum framhaldsskóla, svo kennsla í dagskóla minnkar töluvert. Í dagskólann eru nú skráðir 850 nemendur og telur skólameistari hægt að hafa mun fleiri, en þar sem fjárlög skammta aðeins 990 ársnemendur verður að takmarka mjög inntöku nemenda. Um 430 nýir nemendur sóttu um skólavist á vorönn og þurfti að hafna um 280 þeirra. Að auki var stórum hópi nemenda sem ekki stóðu sig nógu vel á haustönn 2010 vísað úr skóla (8).

**Mat okkar** er að stefna og áherslur skólans séu skýrar og hafi verið það frá upphafi.

Stefnan hefur verið mótuð á mörgum sviðum í samvinnu flestra starfsmanna skólans, og virðist ná ágætlega til fimm grunnþátta ráðuneytisins.

Tryggja þurfi aðkomu nemenda að endurskoðun skólastefnunnar.

Hætta sé á að þjónusta skólans skerðist vegna niðurskurðar í fjárframlögum.

### Stjórnun og skipulag

Skipuriti FÁ, starfslýsingum og stjórnskipan er ágætlega lýst á vefsíðu skólans (6,7). Öllum störfum og ábyrgðum virðist þar lýst, með tilvísun í lög og reglugerðir þar sem við á, nema starfi þróunarstjóra. Ekki kemur þar fram hver er ábyrgur fyrir sjálfsmati skólans.

Skólameistari ber endanlega ábyrgð á faglegu starfi í skólanum. Aðstoðarskólameistari og kennslustjórar bera einnig ábyrgð á faglegu starfi og innra mati en þróunarstjóri ber ábyrgð á framkvæmd innra mats í skólanum. Um þetta eru allir viðmælendur sammála.

Heildarfjöldi starfsmanna við skólann er 121. Þar af eru kennarar 84 og 7 stjórnendur í meira en 50% starfi. Aðrir starfsmenn eru 30 og er ræstingafólk stærsti hópurinn. Til stjórnenda teljast: skólameistari, aðstoðaskólameistari, áfangastjóri, fjarnámsstjóri, fjármálastjóri, þróunarstjóri og kennslustjóri sjúkraliðabrautar. Auk þess er nokkur hópur kennara með mismikinn kennsluafslátt vegna stjórnunar, svo sem kennslustjórar; þeirra meginstarf er kennsla (41).

Allir kennarar skólans nema einn eru með kennsluréttindi, en það er lyfjafræðingur í 75% starfi. Flestir kennarar skólans eru í fullu starfi og eru kennarar í hlutastarfi aðeins fjórir og einungis einn þeirra án kennsluréttinda (lyfjafræðingurinn). Enginn kennari í fullu starfi er án kennsluréttinda (41).

Viðhorf stjórnenda til menntunar og endurmenntunar kennara eru mjög jákvæð að mati allra viðmælanda og kennarar mjög hvattir til að mennta sig þó auðveldara hafi verið að eiga við þann þátt fyrir kreppu en eftir. Skólinn getur ekki styrkt kennara til námsferða nema innanlands í dag. Einnig benti Ólafur aðstoðarskólameistari á að kennarar fái ekki lengur punkta fyrir að sækja námskeið og áhuginn hafi því minnkað. Kennari segir: „*Finnst við vera hvött til að nýta þau tækifæri sem bjóðast*“.

Starfsmenn taka fram að þeir gætu hugsað sér að þiggja námskeið m.a. um menningarlegan bakgrunn nemenda sem koma erlendis frá til að styrkja sig í starfi.

Á vefsíðu er flípi um ráðstefnur og endurmenntun, en þar er greint frá tveimur ráðstefnum hér á landi árið 2008 (21). Skólameistari upplýsti að vegna kostnaðar hafi ráðstefnur ekki verið haldnar síðan. Í staðinn hafa verið haldnir námskrárfundir í skólanum (35).

Í vikupistli skólameistara frá 10. janúar 2011 er birt skipulag funda á vorönn:

1. „Fundartímar kennara og annarra starfsmanna eru á miðvikudögum kl. 14.40 – 15.40 og á föstudögum kl. 13.15 – 14.15. Ýmsir sjá um að boða fundi en skólameistari boðar starfsmannafundi, skólaráðsfundi og skólanefndarfundi.
2. Skólaráðsfundir eru hálfsmánaðarlega. Næsti fundur verður miðvikudaginn 19. janúar kl. 14.40.
3. Skólanefndarfundir eru tveir á vorönn. Fundartími er ekki ákveðinn.
4. Kennslustjórafundir Heilbrigðisskólans eru alla mánudaga kl. 12.40.
5. Kennslustjórafundir bóknámsbrauta eru alla mánudaga kl. 11.10.
6. Kennslustjórafundir stoðdeilda eru alla þriðjudaga kl. 10.15.
7. Fundir stjórnenda með skrifstofu og fjármáladeild eru á föstudögum kl. 14.15 þegar tilefni er til fundarhalda.
8. Fundir stjórnenda með húsverði og ræstingastjóra eru á mánudögum kl. 15.30 þegar tilefni er til fundarhalda.
9. Fundir stjórnenda eru alla mánudaga kl. 9.00“ (20).

## Hitt og Þetta ehf.

Skólanefndarfundir, skólaráðsfundir og skólafundir eru ekki setti inn á skóladagatal FÁ (53).

Á vefsíðu er flípi á skólaráð þar sem eru tenglar á fundargerðir frá 2006 til 2007 en þar eru engar fundargerðir (55). Fundargerðir skólanefndar og skólafundar er heldur ekki að finna á vefsíðu skólans. Úr þessu þarf skólameistari að bæta, svo skólasamfélagið geti séð að lögskipaðir fundir hafi verið haldnir og hvaða ákvarðanir eru teknar o.s.frv.

Svo virðist sem starfsemi og upplýsingar um ráð og nefndir hafi ekki verið uppfærðar til samræmis við gildandi lög um framhaldsskóla (14) og reglugerðir um skólanefndir (15) og skólaráð (16), og að niðurstöður kennarafunda og skólafunda séu ekki kynntar skólanefnd eins og tilskilið er. Skólameistari upplýsti að verið væri að endurskoða starfssvið ráða og nefnda í vinnu við nýja skólanámskrá, til samræmis við nýju framhaldsskólalögin (41). Ekki getur þó talist ásættanlegt að ekkert sé hægt að sjá á vefsíðu skólans um starfsemi ráða og nefnda fram að þessu.

Foreldrafélag var stofnað 25. nóvember 2008 fyrir tilstilli skólameistara og fyrir liggja drög að lögum félagsins á vefsíðu (12). Forvarnarfulltrúi skólans er tengiliður við félagið. Haldnir voru fundir á hverri önn þar til haustið 2010 að enginn fundur var haldinn. Engar fundargerðir eru aðgengilegar á vefsíðu. „*Þarf greinilega að blása í glæður félagsins*“, segir skólameistari (41).

Aðkoma skólanefndar að starfi skólans er frekar lítil. Hún starfar fremur eins og hollvinafélag og styður við bakið á skólanum og hefur aðeins umsagnarrétt um ákvaðarnir sem skólameistari tekur en hann ræður að lokum. Fundað er tvisvar á önn eða fjórum sinnum á ári og þá fyrst og fremst um fjármálin og byggingarframkvæmdir sem standa yfir. Formaður skólanefndar staðfestir þetta.

Aðgengi að upplýsingum sem tengjast ákvörðunum stjórnenda og kennara virðast flestir telja aðgengilegar á vefsíðu skólans. Kennarar nefna vikulegan pistil skólameistara þar sem fjallað er um helstu málefni á hverjum tíma og telja hann afar mikilvægan. Kennari segir: „*Vikupistill skólameistara á kennara og skólanefndina er stór stólpi í að viðhalda upplýsingaflæði. Alltaf hrifinn af honum. Finnst ég vera vel inni í málum ....er þá pláss til að tala um annað á kennarafundum*“. Gísli skólameistari segir að heimasíðan sé mikilvæg til að dreifa upplýsingum en nefnir einnig Blackboard kennsluumhverfið sem er fyrir alla og Mínar síður, leiðbeiningar kennara til nemenda. Fundargerðir kennarafunda eru skráðar í bók og hann segir: „*....ég kalla þetta núna starfsmannafundi því það eru allir með...það eru svo margir í*

## Hitt og Þetta ehf.

*stoðþjónustu við nemendur. Kennarar funda meira í faghópum núna“. Ólafur aðstoðarskólameistari segir: „Svo eru kennarafundir og fundir í öllum nefndum og félagsmálafulltrúi er tengiliður okkar við nemendaráðið“.*

Ekki er hægt að taka fyllilega undir fullyrðingar um að aðgengi að upplýsingum sem tengjast ákvörðunum stjórnenda og kennara séu aðgengilega á vefsíðu skólans. Í janúar 2011 fundu úttektaraðilar þar engar slíkar upplýsingar. Vikupistlar skólameistara eru mjög ganglegir og þar birtast ýmsar upplýsingar um skólastarfið. Vikupistill 2010/7 birtir t.d. stutta skýrslu um skólastarfið árið 2009 (13). Formlegt hlutverk og innihald vikupistla er ekki skilgreint. Því verður að líta á þá sem fréttabréf sem dreifi því efni sem skólameistara finnst hæfa hverju sinni fremur en lögformlegan farveg fyrir upplýsingar um ákvarðanir stjórnenda og niðurstöður funda í ráðum og nefndum.

Áhættumat fyrir starfsemi FÁ hefur ekki farið fram samkvæmt reglugerð 920/2006 (17) og vinnuumhverfisvísi Vinnueftirlitsins fyrir skóla (18). Starfsmenn hafa kosið öryggistrúnaðarmann og skólameistari útnefnt öryggisfulltrúa (57).

Viðbragðsáætlun almannavarna fyrir FÁ er á vefsíðu (25).

Í september 2006 tók Fjölbrautaskólinn við Ármúla við Grænfáanum, fyrstur íslenskra framhaldsskóla. Umhverfisstefna skólans er á vefsíðu, og umhverfisnefnd FÁ birtir fundargerðir frá 2008 og 2009 á vefsíðu og skýrslu vegna framhaldsumsóknar um Grænfána 2008 (56). Ekki er vitað um frekari störf umhverfisnefndar í þessari úttekt. Tvær umhverfisstefnur, eða allavega tvær vefsíður, eru á vef skólans (56, 57). Þetta ætti að lagfæra.

**Mat okkar** er að stjórnskipan FÁ sé skýr og ágætlega lýst á vefsíðu. Staðfesta þarf hver ber ábyrgð á innra mati og hvað felst í starfi þróunarstjóra.

Ekki er hægt að staðfesta að nefndir og ráð séu skipuð og starfi eins og ráð er fyrir gert, því engar upplýsingar þar að lútandi eru á vefsíðu skólans.

Vikupistlar skólameistara eru gagnlegir og vinsælir meðal starfsmanna en gegna ekki formlegu hlutverki í dreifingu tilskipaðra upplýsinga.

Gera þarf áhættumat fyrir skólann sem fyrst.

Lagfæra þarf skilgreiningu á umhverfisstefnu.



## Ytri tengsl

Stjórnendur og kennarar telja að mat foreldra, á starfsemi skólans, sé yfirleitt gott en mikil hreyfing sé í foreldrahópnum þar sem nemendur stoppa stundum stutt við og einnig benda þeir á háan meðalaldur, 23 – 24 ár, í hópnum. Erfitt sé að virkja foreldra. Foreldrafélag hafi verið stofnað fyrir nokkrum árum, formaður þess á sæti í skólanefndinni en lítil virkni sé í félaginu og æskilegt að hún væri meiri. Gísli skólameistari talar um að gera þyfti könnun á afstöðu foreldra til skólans. Þess skal getið í þessu sambandi að í ágúst 2001 gerði Hannes Ísberg Ólafsson könnun og athugun á viðhorfum foráðamanna nemenda og skólameistara Fjölbrautaskólans við Ármúla (64). Ekki verður rýnt í þessa skýrslu hér þar sem við teljum hana utan tímaramma þessarar úttektar.

Nemendur segja foreldra sína yfirleitt jákvæða í garð skólans.

Afstaða atvinnulífsins byggist helst á tengslum starfsbrautanna við það. 30% nemenda eru í Heilbrigðisskólanum segir Gísli skólameistari og þess vegna sé hann í nánnum tengslum við Landspítalann og einnig séu tengsl við fagfélögin eins og Sjúkraliðafélagið. Að öðru leyti séu ekki mikil bein tengsl við atvinnulífið.

Nemendum er ekki kunnugt um tengslin við atvinnulífið nema þeim sem eru á starfsbrautunum.

Lítið er vitað um hvað verður um nemendur sem ljúka námi við skólann nema þá sem voru á heilbrigðisbrautunum. Kannanir hafi ekki verið gerðar nýlega en aðeins hafi þó verið reynt að skoða þetta fyrir mörgum árum. Ólafur aðstoðarskólameistari segir: „*Fengum frá kennslumálanefnd Háskólans í fyrra smákönnun um álit nemenda á undirbúningi...vildu gjarnan að hefðu meiri undirbúning í gerð ritgerða og í ensku. Það á kannski við um fleiri skóla*“.

Nokkrir nemendur segja um afstöðu viðtökuskóla að FÁ sé litinn hornauga oft á tíðum og einn nemandi segir: *FÁ hefur haft það orðspor að vera fallistaskóli...þar sem nemendur undir meðaleinkunn í grunnskóla koma hingað...en það er oft misskilið. Þessi skóli gefur mestan séns...er opnari fyrir nemendum. Þetta orðspor heldur áfram í háskólanum...bróðir minn útskrifaðist frá FÁ og fór í eðlisfræði í HÍ og fékk oft að heyra það að hann mundi ekki endast í þessu*“. Aðrir telja að viðtökuskólar taki þeim eins og hverjum öðrum nemendum.

Erlent samstarf er mikið í skólanum og Gísli skólameistari segir að nú séu fjögur til fimm Comeníusar verkefni í gangi, einnig Leonardo og Nordplus verkefni. Kennarar og nemendur

## Hitt og Þetta ehf.

fara í heimsóknir til samstarfsaðila erlendis og telja sig víkka sjóndeildarhringinn með því og meta það mikils. Dæmi um verkefni sem kennarar taka þátt í er mannréttindaverkefni með kennurum frá Póllandi sem nemendur tengjast eitthvað líka. Kennari segir: „Fullt, hér eru alltaf hópar. Vorum með „utanríkisráðherrra“, einn kennara, til að sjá um erlend samskipti“.

Ítarlegar upplýsingar um erlent samstarf skólans má sjá á vefsíðu undir International relations m.a. nemendaskipti og ferðir kennara á ráðstefnur árið 2010 (23).

**Mat okkar** er að tengsl við atvinnulífið séu helst í gegnum starfsbrautir Heilbrigðisskólans.

Lítill virkni er í foreldrafélaginu og æskilegt að hún væri meiri.

Erlent samstarf er mikið.

### Tillögur

- Fjárframlög til skólans taki tillit til hins víðtæka þjónustuhlutverks sem hann gegnir í samfélaginu.
- Aðkoma nemenda við mótun skólastefnu sé skýr.
- Staðfesta þarf hver beri ábyrgðina á sjálfsmatinu.
- Skilgreina þarf starf þróunarstjóra.
- Gera þarf áhættumat fyrir FÁ.

## Skólanámskrá

### Almennur hluti og námsbrautarlýsingar

Skólanámskrá er á heimasíðu en er í endurvinnslu. Þar eru innri stefna og brautarlýsingar segir Gísli skólameistari. Hann segir að nú standi yfir vinna við grunnþættina fimm frá ráðuneytinu ásamt öðru. Hann tekur fram að sér finnist grunnþættirnir alltaf hafa verið við lýði í skólanum..., *„verið aðalsmerki skólans..áður en þeir urðu til. Þeir eru svo sjálfsagðir. Meginmarkmið framhaldsskóla er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, hefur alltaf verið...hér er ekki einsleitur hópur eins og í öðrum framhaldsskólum“*. Vinnan við endurskoðun skólanámskrárinnar er í gangi en einn kennari tekur fram: *„Og Kennarasambandið hefur látið þau boð út ganga að kennarar vinni ekki við skólanámskrá. Kennslustjórar eru að vinna að þessum málum innan brautanna en kennurum finnst stéttarsvik að taka þátt í þessu núna án samþykkis Kennarasambandsins“*. Flestir kennarar tala um að vinnan sé í gangi en eftir að ráðuneytið frestaði gildistöku til 2015 sé farið hægar í sakirnar. Lengri tími tekinn til ígrundunar.

Í 22. grein gildandi laga um framhaldsskóla eru talin upp þau atriði sem gera skal grein fyrir í skólanámskrá, almennum hluta og námsbrautalýsingum (14). Skólanámskrá FÁ er einungis birt á rafrænu formi á vef skólans, eins og í flestum öðrum framhaldsskólum. Undir flipanum Nám/Námskrá eru menntastefna skólans og aðrar stefnur, inntökuskilyrði og fleira, en ekki t.d. námsráðgjöf, stuðningur, ráðgjöf og þjónusta við nemendur (38). Allt það sem á að gera grein fyrir í skólanámskrá virðist mega finna einhvers staðar á vefsíðu skólans, en ekki endilega undir Námskrá. Við endurskoðun skólanámskrár sem nú er í gangi ætti e.t.v. að íhuga hvort almennum hluta námskrár væri hægt að koma fyrir sem heild.

Unnið er að innleiðingu nýrrar námskrár og er sérstakur tengill á vefsíðu þar sem hægt er að sjá yfirlit yfir framvindu frá júní 2008, fundargerðir og önnur gögn, og drög að nokkrum nýjum brautalýsingum (37). Framhaldsskólar hafa frest til 1. ágúst 2015 til að ljúka gerð nýrra námsbrautalýsinga samkvæmt 23. gr. framhaldsskólalaganna (11). Ekki verður annað séð en að vinna við nýja skólanámskrá sé í fullum gangi. Fundir halda áfram á vorönn undir stjórn allra kennslustjóra skólans. Fundað verður einu sinni í viku og stöðufundur er áætlaður í byrjun febrúar 2011 (8). Blikur eru þó á lofti vegna ágreinings við Kennarasambandið um vinnutilhögun.



## Hitt og Þetta ehf.

Skólameistari upplýsti að ýmsar síður á vef skólans væru úreltar og því lokaðar núna vegna vinnu við nýja námskrá (36). Vafasamt er að loka eða fjarlægja vefsíður af skólavefnum nema nýjar komi strax í staðinn, eða greinilega sé gefið til kynna hver staðan sé. Eins og áður kom fram eru skólanámskrár yfirleitt ekki prentaðar lengur, heldur koma fram sem nokkuð stórar og flóknar vefsíður eins og hjá FÁ. Eftir sem áður eru skólanámskrár gögn sem lúta opinberum reglum og eftirliti og ætti því að gæta þess vel að útgáfustjórna vefsíðum svo hægt sé að fylgjast með aldri þeirra og uppfærslu, og tryggja að alltaf séu fyllilegar og réttar upplýsingar um skólanámskrá á vefsíðu skólans. Í 22. gr. framhaldsskólalaganna, 4. mgr., segir: „Skólanámskrá skal staðfesta af skólanefnd að fenginni umsögn skólafundar, sbr. 5. gr. Skólanefnd fylgist með framkvæmd skólanámskrár“ (14). Það má því ljóst vera að skólanámskráin á að koma fram sem eining sem hægt er að staðfesta. Ekki er hægt að staðfesta hvort skólafundur og skólanefnd hafi haft nógildandi skólanámskrá til umsagnar því engar fundargerðir voru aðgengilegar er úttekt var gerð eða áritað eintak skólanámskrár.

Í lýsingu á skipulagi skólans kemur fram að aðstoðarskólameistari beri ábyrgð á heimasíðu skólans (6), en ekki er ljóst hver ber ábyrgð á skólanámskrá nema þá skólameistari.

Undir námskrá er birt: menntastefna, jafnréttisstefna, starfsmannastefna og umhverfisstefna. Samgöngustefnu er að finna undir umhverfisstefnu/á grænni grein (39). Undir námskrá má einnig finna áfallaáætlun skólans, en hún lýsir hvað skuli gera og hlutverki áfallaráðs, þegar nemendur eða starfsfólk verður fyrir áföllum innan eða utan skóla (42).

Siðareglur skólans fjalla um skyldur starfsmanna við nemendur og samfélagið, skyldur nemenda við skólann, starfsmenn og aðra nemendur og sérstakar notkunar- og siðareglur um meðferð upplýsingatæknibúnaðar (43).

Sjálfsmatsáætlun er einnig undir námskrá, en það eru almennar upplýsingar um sjálfsmatsáætlun skólans ætlaðar starfsmönnum fremur en eiginleg sjálfsmatsáætlun (44). Nánar verður fjallað um sjálfsmat síðar.

FÁ er fjölbrautaskóli með áfangakerfi. Hann býður upp á hefðbundið nám til stúdentsprófs á félagsfræðibraut, málabraut, náttúrufræðibraut og viðskipta- og hagfræðibraut. FÁ er kjarnaskóli í heilbrigðisgreinum og hefur innan vébanda sinna margar starfsmenntabrautir á því sviði. Fjarnám hófst í FÁ haustið 2002 og hefur verið sífelldur vöxtur í því síðan. Allt nám í skólanum til stúdentsprófs eða starfsréttinda er eftir áfangakerfi, og því er námið mjög

## Hitt og Þetta ehf.

sveigjanlegt að getu og þörfum hvers nemanda. Nemendur geta stundað nám í almennum greinum og lokið námi með útskrift af almennri braut skólans.

Tengsl skólans við atvinnulífið eru töluverð í gegnum Heilbrigðisskólann, en Fjölbrautaskólinn við Ármúla hefur gert samning við Landspítala háskólasjúkrahús um framkvæmd vinnustaðanáms. Kennslustjórar og verknámskennarar eru í beinum tengslum við fjölda leiðbeinenda og starfsmanna á Landspítala og öðrum heilbrigðisstofnunum þar sem nemar fara í verknám. Markmið náms í Heilbrigðisskólanum er ávallt í takt við þarfir atvinnulífsins og það veitir fjölbreytt starfsréttindi innan og utan stofnana (45).

Nemendur segjast hafa aðgang að skólanámskránni á heimasíðu skólans en flestir taka fram að þeir séu kunnugir því sem viðkemur þeirra brautum meira en öðrum brautum. Kynning á námskránni fer fram á haustin og einn segir: „*Já, hún er kynnt í upphafi...fyrsti tíminn fer í það. Þannig að allir séu með það á hreinu. Eins og efnisyfirlit yfir bók...hvað farið er yfir*“.

Líklega eiga nemendur hér við námsbrautalýsingarnar í skólanámskránni fremur en almenna hlutann.

**Mat okkar** er að skólanámskrá Fjölbrautaskólans við Ármúla virðist í góðu samræmi við gildandi lög og aðalnámskrá, þó innihaldið sé nokkuð dreift um vefsíðu.

Ekki er hægt að staðfesta að núgildandi námskrá hafi komið til umsagnar hjá skólafundi og verið staðfest af skólanefnd.

Námsframboð er fjölbreytt og sveigjanlegt, og brauta- og áfangalýsingar eru skýrar og aðgengilegar á vefsíðu skólans.

Vinna við endurskoðun skólanámskrár virðist vel skipulögð og í fullum gangi, en ýmsir þættir nýrrar menntastefnu ráðuneytisins eru þegar sýnilegir í skólanámskrá FÁ.

Ágreiningur við KÍ um vinnutilhögun vegna nýrra framhaldsskólalaga virðist hindrandi fyrir vinnuna.

### **Inntökuskilyrði**

Inntökuskilyrði eru ákveðin af stjórnendateymi á grundvelli viðmiða menntamálaráðuneytisins. Allir sem hafa náð 5 á grunnskólaprófi komast inn á stúdentsbrautirnar. Þeir sem ekki ná því lágmarki fara á almenna braut. Skilgreint er inn á



## Hitt og Þetta ehf.

starfsnámsbrautir í samráði við ráðuneytið og kennslustjóra brautanna. Sérdeild er fyrir fatlaða nemendur af Reykjavíkursvæðinu. Gísli skólameistari segir „Í almenna braut tókum við marga sem ekki ná lágörkum...um 80-100 í haust af 180 sem við tókum. Gerum þetta gjarnan fyrir ráðuneytið...Við erum að taka inn mikið af brotthvarfsnemendum úr öðrum skólum, úr MS,MR,MH,VR sérstaklega bekkjarskólunum. Ég býst við að 70-80% af nemendum sem við útskrifum sem stúdentar séu skilgreindir sem brotthvarfsnemendur“. Um inntökuskilyrðin segja nokkrir kennarar: „Þau eru náttúrulega bara eiginlega engin...því miður...segjum við stundum. En á móti kemur að við fáum þennan stóra hóp...við fáum mikið þá sem komast ekki inn annars staðar sem oft er gæfa fyrir okkur“. „Annars hefur FÁ orð á sér fyrir að vera góður skóli fyrir þá sem eiga við einhverjar hamlanir að stríða...inntökuskilyrði setjum við ekki hérna eins og í Kvennaskólanum og MR sem búa til einkunnakerfi sem þeir halda í og taka bara nemendur sem uppfylla einhverja greindarvísitölu“.

Inntökuskilyrðum er lýst á vefsíðu (46). Á bóknámsbrautum er krafist 5 í lágmarkseinkunn í íslensku, ensku og stærðfræði á grunnskólaprófi, og 18 ára og eldri fá aðgang háð mati stjórnenda.

Samkvæmt tilskipun ráðuneytisins hafa grunnskólanemendur úr Álftamýrarskóla, Árbæjarskóla, Ingunnarskóla, Langholtsskóla, Laugalækjarskóla og Norðlingaskóla forgang að skólavist í FÁ (50).

Á starfsnámsbrautir eru sömu kröfur til grunnskólanema um lágmarkseinkunn og 18 ára og eldri eru metnir af viðkomandi kennslustjóra. Á almennri námsbraut þurfa nemendur að hafa lokið skyldunámi í samræmi við ákvæði aðalnámskrár grunnskóla.

**Mat okkar** er að tryggja þurfi FÁ sterkari nýnema á bóknámsbrautir.

Stjórnendur og kennarar skólans benda á að styrkur skólans sé jafnframt veikleiki hans útá við.

## Skipulag skólastarfs

Fjölbrautaskólinn við Ármúla er skilgreindur sem dagskóli sem einnig býður upp á fjarnám. Framhaldsnám fyrir sjúkraliða í geðhjúkrun og lyfjatækna í sjúkrahúslyfjatækni byrjaði nú í janúar 2011 og er þessum hópi kennt milli kl. tvö og sex á þriðjudögum og föstudögum. Annað síðdegisnám er ekki við skólann og var ekkert á síðasta ári (48).

Í sérdeild eru 26 nemendur 2010-2011. Um 150 nemendur eru með greiningu um lesblindu og stór hópur með annars konar námsörðugleika. Allir þessir nemendur og raunar fleiri sem þess óska fá stuðning í gegnum stoðkerfi skólans samkvæmt upplýsingum skólameistara. Á haustönn 2010 voru 100 nemendur skilgreindir sem „með annað móðurmál en íslensku“, og eru skiptinemar þá ekki meðtaldir (49).

Um 1700 nemendur FÁ eða um 64% eru í fjarnámi, og eru það rúmlega 40% af ársnemum í fjarnámi á öllu landinu. Af dagskólanemendum eru 51% nemenda í bóknámi til stúdentsprófs, 30% í starfsnámi og 19% á almennri námsbraut og starfsbraut (34). Fjarnemendur hafa undanfarið verið um helmingi fleiri en nemendur í dagskóla og nemendur í starfsnámi og á almennri braut eru um helmingur dagskólanemenda.

Á vormánuðum 2010 lét mennta- og menningarmálaráðuneytið gera úttekt á fjarkennslu í þremur stærstu fjarkennsluskólunum. FÁ er þar langstærstur m.v. árið 2009 með 42% af ársnemendum á landsvísu, næstur er Verslunarskóli Íslands með 22% og svo Verkmenntaskólinn á Akureyri með 12% (47). Ekki verður fjallað frekar um fjarnámið hér heldur vísað í þessa skýrslu og aðrar. Nægir að geta þess að almenn ánægja virðist ríkja með fjarnámið bæði meðal nemenda og kennara og fáir gallar eru nefndir í þessari skýrslu. Í skólasamningi ráðuneytisins við FÁ 2010-2012 er ein af áherslum og markmiðum skólans að „Halðið verði áfram að efla fjarnámið“ (9).

Innan skólans er nám flokkað niður á brautir og á hverri braut eru margar greinar. Fjórtán námsbrautir eru taldar upp á vefsíðu, auk tveggja nýrra sem byrja nú á vorönn 2011, en deildir eða greinar eru 24. Áfangar í boði eru fjölmargir í kjarna, á kjörsviði, í vali og í íþróttum (32).

Til þess að halda utanum námsframboðið og skipuleggja kennslu og námsmat vinna kennarar saman í deildum sem eru misstórar. Íslensku-, ensku- og stærðfræðideildirnar eru stærstar. Hver deild hefur komið sér upp vefsíðu þar sem er að finna allar helstu upplýsingar um námið í viðkomandi grein, nöfn kennara, kennsluáætlanir, verkefni, bækur og hvað eina sem nýtist við kennslu og nám (31).

Ekki verður annað séð en að brautalýsingar og áfangalýsingar lýsi markmiðum brauta og skipulagi náms á brautinni ágætlega. Þá virðast kennsluáætlanir skýrar og aðgengilegar á vefsíðu.

Skráðir nemendur eftir brautum í FÁ 2008-2010:

**Tafla III**

Braut	2008	2009	2010
<b>Almenn námsbraut</b>	1542	1384	1421
<b>Félagsfræðibraut til stúdentsprófs</b>	462	550	345
<b>Hjúkrunar- og móttökuritarar</b>	47	30	44
<b>Íþróttabraut starfsnám</b>	3		
<b>Listir – breiðar námsleiðir</b>	1		
<b>Lyfjatækni</b>	70	54	70
<b>Læknaritarabraut</b>	26	32	38
<b>Málabraut til stúdentsprófs</b>	118	123	91
<b>Náttúrfræðibraut til stúdentsprófs</b>	198	292	210
<b>Nudd</b>	74	106	104
<b>Sjúkraliðanám</b>	160	329	143
<b>Starfsbraut</b>	2	27	25
<b>Tanntæknaþbraut</b>	43	33	36
<b>Uppeldisbraut (námskrá 1999)</b>	3		
<b>Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar, grunnnám</b>	11		
<b>Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum</b>	15	7	26
<b>Viðskipta- og hagfræðibraut til stúdentsprófs</b>	93	106	69
<b>Viðskiptabraut</b>	21	4	2
<b>Alls</b>	2914	3077	2624

(Tölur frá skólameistara (49))

Eins og sjá má er almenn námsbraut langfjölmennust, en nær helmingur nemenda skólans er árlega skráður á þá braut. Næstfjölmennust er félagsfræðibraut með um 500 nemendur, sem er um 1/3 af fjölda á almennri braut.

Ákveðið áhyggjuefni innan skólans er að árangur nemenda á almennri braut þykir ekki nógu góður, námsárangur slakur og brottfall of mikið. Í skólasamningi MMR við FÁ er því lögð áhersla á að auka skilvirkni í námi þessara nemenda með breyttu námsmati, breyttu námsframboði og öflugum utnumhaldi (9).

Á vefsíðu skólans má sjá að vinna er í gangi við að endurskipuleggja námið og hefja kennslu í nokkrum nýjum áföngum. Í minnisblaðinu „Almenna brautin eða sú Nafnlaus“ kemur fram að á almennri námsbraut í FÁ eru fjórir hópar nemenda. Það eru í fyrsta lagi nýbúar, í öðru lagi nemendur sem hafa ekki ákveðið á hvaða braut þeir vilja skrá sig og loks nemendur sem ekki mega skrá sig á aðrar bóknámsbrautir vegna ófullnægjandi námsárangurs í grunnskóla (51).

Greinilegt er af gögnum að í FÁ eru stjórnendur og kennarar vel meðvitaðir um þarfir nemenda sem sækja á almenna braut og hvað þurfi að gera til að mæta þeim, sbr. minnisblað



## Hitt og Þetta ehf.

um „Hvað þarf unglingur að kunna eftir tveggja ára framhaldsskólanám til að verða gjaldgengur á vinnumarkaði? Eða til áframhaldandi náms“ . Þá eru athyglisverðar vangaveltur um að skipta um nafn á deildinni (51).

Skólinn hefur undanfarin ár tekið við heldur fleiri ársnemendum en heimild var fyrir á fjárlögum þess árs, án þess að fjárframlag sé aukið (49):

- 2008 leyfi fyrir 1146 ársnemum ..... voru 1199 ..... 53 umfram
- 2009 leyfi fyrir 1146 ársnemum ..... voru 1200 ..... 54 umfram
- 2010 leyfi fyrir 991 ársnemum ..... voru 1124 ..... 133 umfram

Árið 2010 var því nauðsynlegt að fækka nemendum og var eingöngu fjarnemum fækkað, úr 2107 í 1624, eða um 500. Nemendum í dagskóla fjölgaði um 23. Að auki tók skólinn að beiðni ráðuneytisins við stórum hópi nemenda sem hvergi fengu skólavist (49).

Mikill óstöðugleiki er í nemendafjölda FÁ. Til dæmis voru umsóknir um skólavist í dagskóla FÁ fyrir vorönn 2009 419, og voru 362 umsóknir samþykktar en 57 hafnað. Á haustönn voru umsóknir 914 og voru 523 samþykktar en 319 hafnað. Greinilegt er af þessu að mikil hreyfing er á nemendum skólans og margir nemendur virðast hverfa frá námi tímabundið eða varanlega (13).

Brottfall er einnig nokkuð, en samkvæmt áfangalistum á vorönn 2010 var brottfall í dagskóla 14,4% en 33,4% í fjarnámi (34). Skólameistari vill fremur nota orðið brotthvarf en brottfall og útskýrir það þannig: „Stór hluti nemenda okkar eru brotthvarfsnemar úr öðrum skólum og því miður eru margir þeirra ekki mjög staðfastir í námi, þrátt fyrir mikinn stuðning. Ég er ekki með nákvæmar tölur um brotthvarf en það er mikið. Erfitt er að skilgreina hvað sé brotthvarf, t.d. fóru 14 góðir námsmenn á fyrsta ári yfir í MH og Versló. Þeir höfðu allir sótt um þessa skóla í haust en var hafnað. Í framhaldi af því var þeim komið fyrir hjá okkur. Síðan komust þeir inn í óskaskólann núna á vorönn“ (49). Um þetta er einnig fjallað í kaflanum um inntökuskilyrði hér að framan.

Nemendur FÁ eru að meðaltali fremur hægfara í námi. Ársnemi er jafngildi 35 nemendaeininga og er miðað við þreyttar einingar. Sterkur bóknámsnemandi getur hæglega tekið meira en 35 einingar á ári. Mikið af nemendum FÁ tekur ekki nema brot af þessu og eru því að meðaltali ekki nema brot úr ársnemanda (34). Þar að auki þurfa margir nemendur FÁ

## Hitt og Þetta ehf.

mikinn stuðning við námið. Framhaldsskólar fá framlög á fjárlögum miðað við fjölda ársnema, og er þetta kerfi því augljóslega FÁ mjög þungt í skauti.

Af framansögðu virðist úttektaraðilum ljóst að FÁ þarf að fást við ýmis vandamál í skipulagi skólstarfsins sem sérstaða skólans skapar honum. Ekki virðist hægt að benda á eitthvað tiltekið atriði sem betur mætti fara í skipulagi skólstarfsins, til þess er vandamálið of flókið. Hins vegar telja úttektaraðilar að margir möguleikar virðist vera á að vinna ítarlegri upplýsingar úr gögnum skólans (og Hagstofunnar) sem nota mætti til að greina betur ástæður brottfalls og brotthvarfs í skólanum. Tölur um brottfall/brotthvarf eftir brautum eru t.d. ekki fyrir hendi (49). Þá mætti reyna að „hugsa út fyrir kassann“ við endurskoðun brauta- og áfangalýsinga sem nú stendur yfir, á svipaðan hátt og verið er að gera fyrir námskrá almennu deildarinnar og lýst er hér að ofan.

Skóladagatal FÁ er birt á vefsíðu og sýnir helstu viðburði haustannar 2010 og vorannar 2011 á einfaldan hátt (53).

Samkvæmt upplýsingum skólameistara eru vinnudagar nemenda 175 og kennsludagar ekki færri en 145. Undanfarin ár hafa kennsludagar verið 145-147 og aðrir vinnudagar 28-30 (53).

Árdagar eru haldnir 1.-3. mars, en þá eru alls konar fræðslufundir, útivist, ferðalög og skemmtanir á dagskrá. Viðveruskylda er á árdögum og sjá umsjónakennarar um að skrá mætingu nemenda (54).

Í skólasamningi ráðuneytisins við FÁ 2010-2012 er greint frá þróunarverkefnum sem skólinn hefur fengið styrki til að vinna. Þetta eru þrjú verkefni:

- Námskrárgerð og almenn þróun í námi og kennsluháttum í tengslum við innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga, en þetta verkefni stendur til vors 2011. Fjallað hefur verið um námskrárvinnuna hér að framan.
- Framhaldsnám sjúkraliða á 4. þrepi, en námskráin er nú tilbúin og samþykkt af ráðuneytinu. Námi hófst 11. janúar 2011.
- Einstaklingsmiðuð stúdentspróf, þróun stúdentsprófs fyrir þá sem ætla í læknadeild, hjúkrun eða sjúkrapjálfun. Þessari vinnu er ætlað að standa fram til vors 2011.

Svo virðist sem þróunarstjóri hafi umsjón með þróunarvinnu, en starfslýsing þróunarstjóra er ekki tiltæk eins og fram hefur komið. Gagnlegt væri ef þróunarstjóri hefði sérstakt vefsvæði þar sem hægt væri að sjá yfirlit yfir öll þróunarverkefni sem eru í gangi og stöðu þeirra. Nú verður að leita þessara upplýsinga víða.



Hitt og þetta ehf.

**Mat okkar** er að skólastarf FÁ sé vel skipulagt. Námskrár og áfangalýsingar eru skýrar og aðgengilegar á vefsíðu skólans.

Áhugaverðar breytingar hafa verið gerðar á námskrá almennrar deildar til að mæta betur þörfum og væntingum nemenda þar.

FÁ þarf að fást við ýmis vandamál í skólastarfinu sem sérstaða skólans skapar honum, m.a. mikinn óstöðugleika í nemendahópnum.

Leita mætti frekari upplýsinga til að greina þessi vandamál.

Skipulegra yfirlit yfir þróunarverkefni skólans væri gagnlegt.

## Tillögur

- Tryggja þarf FÁ sterkari nýnemahóp á bóknámsbrautum.
- Tryggt sé að skólanámskrá sé starfest af skólafundi og skólanefnd.
- Styrkja þarf ímynd skólans útávið á markvissan hátt, þannig að hann fái notið sérstöðu sinnar og styrkleika.

## Kennsla, námskröfur og námsmat

### Kennsla

Í stefnu skólans segir svo: „Starfsmenn leggja metnað sinn í að námsframboð sé á hverjum tíma í samræmi við kröfur samfélagsins. Námsframboð þarf því að vera fjölbreytt til þess að hver nemandi eigi raunverulega valkosti og notfæri sér þá í samræmi við áhugamál sín og hæfileika. Faglegt nám til framtíðar er stefna skólans“ (4).

Skólinn er fjölbrautaskóli með fjölbreytt námsframboð. Auk hefðbundins bóknáms til stúdentsprófs er skólinn kjarnaskóli í heilbrigðisgreinum. Nemendur koma úr ýmsum áttum og í skólanum er stór hópur útlendinga við nám. Skólinn leggur áherslu á að nemendur læri hver af öðrum og reynir markvisst að stuðla að kynnum nemenda. Nemendur eru búnir undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi eða eins og segir í menntastefnu skólans: „Í starfi sínu mun skólinn leitast við að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, efla læsi þeirra í víðasta skilningi þess orðs, lýðræðisvitund, jafnréttishugsjón, menntun til sjálfbærni og sköpunaranda“ (4). Fjölbreytileikinn í nemendahópnum er ákveðin trygging fyrir því að nemendur hljóti það veganesti sem býr þá undir samfélagslega þátttöku. Kennsluhættir virðast mjög fjölbreytilegir og sveigjanlegir og stuðla þannig að einstaklingsmiðuðu námi.

Gísli og Ólafur telja að kennsluhættir séu góðir en enn fari of mikill tími í próf. Ólafur segir: „En nú eru nemendur meira en áður að vinna þrautalausnar verkefni...vinna saman. Yfirheyrslur sjást ekki lengur...horfið fyrir löngu. Erum ennþá með of langan prófatíma...hefur kannski styst aðeins en viljum sjá þetta renna meira saman...og stefnum að því með þessari nýju skólanámskrá. Þannig að kennsluhættir...nemendur segja stundum eftir tíma...,one more power point show“. Margir kennarar nefna hefðbundna kennsluhætti en taka fram að það sem einkenni kennsluhætti séu góð samskipti kennara og nemenda, einstaklingsmiðað nám og sveigjanleiki. Menn prófi ýmsar aðferðir en þær séu ekki endilega nýjar aðferðir.

Nemendur eru ánægðir með kennsluna, yfirleitt, og finnst góð samskipti kennara og nemenda vera afar mikilvæg; að kennarinn nái að matreiða efnið á lifandi hátt enda tengist mætingar nemenda í tíma þessum þætti. Einn nemandi vitnaði í Finnland varðandi nýbreytni sem hann taldi vert að skoða nánar: „Ég var t.d. í Finnlandi um daginn og þar átti að koma með hugmyndir um hvað við gætum gert til að breyta svona skólum og ein hugmyndin sem kom upp var að hafa bara 2 – 3 fög á degi til heimanáms... í stað þess að ég er í núu fögum og fæ

## Hitt og Þetta ehf.

*heimanám á hverjum degi úr þeim öllum*“. Nemendur eru sammála um að ástundun og skipulag skipti máli varðandi námsárangur þeirra. Þeir telja einnig að þeir sjálfir hafi áhrif á kennsluhættina og að gagnkvæmni skipti máli í samskiptum kennara og nemenda.

Nær allir viðmælendur voru sammála um að kennsluáætlanir væru aðgengilegar þeim sem hefðu aðgang að Netinu. Stjórnendur leggja áherslu á að svo sé.

**Mat okkar** er að stefna skólans sé sýnileg í kennsluháttum, einstaklingsmiðun og samskiptum starfsfólks og nemenda.

Rétt er að gefa gaum að ábendingu nemenda varðand vinnuálag.

### Námskröfur og námsmat

Brautalýsingar og áfangalýsingar eru á vefsíðu skólans og í kennsluáætlunum eru tilgreind markmið með áfanganum, kennslugögn og sundurliðað námsmat. Í brautalýsingum er gerð grein fyrir markmiði náms á brautinni og skipulagi. Einnig er þar fjallað um kjarna, kjörsvið og val á mjög skýran hátt (40,33).

Kennarar og stjórnendur telja að samræmi sé milli markmiða í greinum og námsmats í flestum tilfellum og áhersla sé lögð á að kynna markmiðin fyrir nemendum í upphafi. Kennari segir: „*Já, mér sýnist vera samræmi þar. Ekki orðið var við annað en að nemendum finnist þeir vera prófaðir í því sem þeir áttu að læra*“.

Námsmat er með hefðbundnum hætti, árangur er metinn út frá prófum, verkefnum og þátttöku í kennslustundum, í megindráttum. Nemendur hafa þó á tilfinningunni að prófin vegi þyngst. Nokkrir nefna að símat megi vera meira því þá læri þeir jafnt og þétt. Dæmi um kennsluáætlun er ENS 102 eða enska 102. Markmiðið er skilgreint í upphafi út frá tilteknum þáttum og námsmatið virðist algerlega tengt markmiðinu; verkefnaskil/vinna:10%, 20th Century English Short Stories 10%, málfræðipróf 10%, munnlegt próf 10% og lokapróf 60% (33). Samræmi er á milli markmiða í greinum og námsmats. Kennsluáætlanir eru skýrar og auðskildar.

Miðannarmat kemur fram á miðri önn og er ætlað að vera hvatning og áminning allt eftir aðstæðum en hefur ekki vægi inni í lokaeinkunn (3).

Nemendum finnst áhersla lögð á skapandi starf og læsi við skólann. Mætti vera meiri áhersla á skapandi starf í sumum greinum en á ekki við í öðrum þar sem ramminn þarf að vera

 Hitt og Þetta ehf.

ákveðin að þeirra mati. Þeim finnst þeir hvattir til að setja fram hugmyndir og að tillit sé tekið til þeirra í vissum greinum.

**Mat okkar** er að samræmi sé á milli námsmarkmiða og námsmats.

Upplýsingar til nemenda á vefsíðu skólans eru skýrar og aðgengilegar.

Kanna ætti hvort auka megi símat á kostnað prófa.

### **Tillögur**

- Kanna með markvissum hætti vinnuálag nemenda varðandi heimanám.
- Kanna hvort raunhæft sé að auka símat á kostnað prófa.

## Félagslegt umhverfi

### Skólabragur

„Það er stefna skólans að beita heimilislegum aga sem byggist á gagnkvæmri virðingu starfsfólks og nemenda og stuðlar að heilbrigðum metnaði. Skólinn leitast við að skapa mannúðlegt og örvandi umhverfi fyrir nemendur og starfsfólk“ (4).

Stefna skólans virðist endurspeglast í daglegu starfi í skólanum og allir viðmælendur okkar voru sammála um að svo væri. Nemendum og starfsfólki virðist líða mjög vel á sínum vinnustað og lögðu á það sérstaka áherslu í viðtölunum.

Ágreiningsmál milli kennara virðast oft lenda á borði fagstjóranna en ef þau eru innan kennslugreinanna þá á borði kennslustjóra og að lokum hjá stjórnendum ef ekki tekst að leysa þau sem flestir eru sammála um að sé reglan. Fá mál þurfi að fara með til stjórnenda og sumir muna ekki eftir slíkum málum. Farvegur virðist vera fyrir hendi þó ekki sé hann skráður og viljinn til að leysa úr málum er greinilega til staðar. Hefð virðist hafa skapast í skólanum um meðferð slíkra mála. Reglurnar virðast allir þekkja.

Nemendur telja að jafnréttis sé vel gætt í skólanum og meta það svo að eigi þeir erindi við stjórnendur eða kennara þá séu þeir alltaf velkomnir og að á þá verði hlustað. Foreldri segist ekki myndu hika við að hafa samband við skólann og telur að sér yrði vel tekið ef svo bæri undir. Nemandi í nemendafélaginu segir: „Ég er í nemendafélaginu...fáum að segja okkar skoðanir þar og krakkarnir geta komið til okkar með mál“. Annar nemandi segir: „Ég fékk alveg sérstakt tækifæri...beðinn um að vera með í svokallaðri Viðhorfsnefnd. Hittumst einu sinni í viku með aðstoðarskólameistara. Ræðum það sem mætti fara betur“. Lýðræðisleg viðhorf gagnvart nemendum virðast ríkja í skólanum og jafnrétti er í heiðri haft sem birtist í góðum samskiptum nemenda og starfsfólks.

Allir eru sammála um að andrúmsloft í skólanum sé mjög gott bæði starfsfólk og nemendur. Með tilkomu nýbyggingar sem hýsir mötuneyti borða nemendur og kennarar saman í hádeginu og nemendur fá ókeypis hafragraut þar á morgnana sem þeir nýta sér vel. Kennari segir: *Í einu orði sagt..mjög gott. Get alveg fullyrt það. Fólk sem kemur utanað hefur orð á því hvað það sé góður andi hérna. Ég hefði getað hætt fyrir nokkrum árum en er hér enn. Það segir nokkuð*. Annar segir: *„Þetta er góður vinnustaður og mikil þátttaka meðal starfsmanna í félagslífi...þegar farið er eitthvað saman*. Þriðji segir: *„Myndi segja að hér ríkti gott andrúmsloft. Léttleiki og aðgengi í allar áttir auðvelt*“. Nemendur eru yfirleitt sammála um að



## Hitt og Þetta ehf.

góður andi ríki í samskiptum og léttleiki sé í fyrirrúmi: „Nýr og léttur andi með nýbyggingunni“. „Ég held að það sé rosalega fint miðað við hve margir og misjafnir hópar eru hér í skólanum“. „Kennarar bera virðingu fyrir nemendum sínum“. Tveir nemendur höfðu orð á því að framkoma starfsmanns í nemendasjoppunni væri ekki fordómalaus í garð útlendinga og nýnema.

Varðandi jafnrétti og lýðræði í samskiptum nemenda og kennara eru flestir sammála um að bæði hugtökin nái yfir samskiptin og lýsi þeim vel. Gísli skólameistari segist hafa dyrnar opnar hjá sér svo tryggt sé að nemendur og starfsfólk hafi öruggt aðgengi að sér. „Það er alltaf opið hjá mér. Ég segi við nemendur...við erum hér fyrir ykkur og viljum gera allt sem við getum fyrir ykkur“. Ólafur aðstoðarskólameistari segir: „Við viljum gjarnan að ákvarðanir sem teknar eru og tengjast t.d. agamálum nemenda...að nemandinn sé sáttur við niðurstöðuna. Nemendur eiga aðild að skólaráði, tvo fulltrúa þar. Við höfum svo nefnd sem heitir Viðhorfsnefnd þrír kennarar, ég og tveir nemendur sem hugsar um hvað getum við gert til að bæta skólastarfið?“. Nemendum finnst sjálfsagt að kennarar fylgist með vinnu þeirra og hafi stjórn á agamálum en samskiptin telja þeir vera lýðræðisleg og að virðing sé borin fyrir þeim, yfirleitt.

Margir þekktir einstaklingar sem voru nemendur í FÁ tjá sig um veru sína í skólanum á vefsíðu skólans og minnst allir á jákvætt andrúmsloft í skólanum, góða kennslu og þægilegt umhverfi.

**Mat okkar** er að skólastefnan sé samvinnuð öllu starfi í skólanum og þau gildi sem þar eru sett fram séu í heiðri höfð og hafi fest sig í sessi. Nemendur virðast læra að virða þessi gildi strax við upphaf skólagöngu þar sem þau endurspeglast í framkomu starfsfólks við þá enda taka þeir eftir frávikum og tilgreina neikvæða framkomu starfsmanns í sjoppunni gagnvart útlendingum og nýnemum.

## Námsráðgjöf og stuðningur við nemendur

Líðan nemenda er greinilega í fyrirrúmi hjá stjórnendum og kennurum skólans. Stoðkerfi skólans er öflugt. Sérstakur námsráðgjafi sinnir nemendum með leshamlanir, sérstakur kennslustjóri fer fyrir nýbúadeild og stuðningstímar eru fyrir nemendur sem þess þurfa, aðstoð við heimanám og annað slíkt. Sérstakur kennslustjóri fer fyrir sérdeildinni. Auk þess eru tveir námsráðgjafar í fullu starfi við skólann. Forvarnarfulltrúi er úr hópi kennara og sinnir forvörnum sérstaklega. Hjúkrunarfræðingur starfar við skólann með fasta viðtalstíma. Öflugt umsjónakennarakerfi er til staðar og fræðsla er sótt út fyrir skólann eins og til Barnaverndar



## Hitt og Þetta ehf.

sem kynnti barnaverndarmál fyrir starfsfólki skólans. Gísli skólameistari segir: „*Erum ekki bara að hugsa um skólun nemendanna hér...heldur erum við með velferð þeirra að leiðarljósi. Því við teljum að það sé eina leiðin til menntunar. Þannig að þeim líði sæmilega vel...og að það sé tekið á erfiðum málum sem þau eru að berjast við*“. Nemendur benda á að upplýsingar um viðtalstíma námsráðgjafa og hjúkrunarfræðings séu aðgengilegar á skjánum í anddyri skólans.

Á vefsíðu skólans má finna jafnréttisstefnu, samgöngustefnu, umhverfisstefnu upplýsingar um forvarnarfulltrúa og tengil sem nefnist „Ýmsir upplýsingavefir“ (29). Hið síðasttalda veitir upplýsingar um slóðir sem nemendur geta farið inná í sambandi við matarfíkn, spilafíkn, áfengi og önnur vímuefni og fjármálaóreiðu svo eitthvað sé nefnt.

Á vefsíðunni eru upplýsingar um markmið stoðþjónustu við nemendur með lestrar –og skriftarörðugleika og mynd af kennslustjóranum. Það sama má segja um þá kennara sem koma að stoðþjónustu við nemendur af erlendum uppruna. Myndir af starfsfólkinu auðvelda allt aðgengi nemenda að þessum starfsmönnum og upplýsingum um þjónustuleiðir (26, 27, 28).

Námsráðgjöfin er vel skilgreind á vefsíðunni og margvísleg þjónusta sem nemendum stendur þar til boða.

**Mat okkar** er að námsráðgjöf og stuðningur við nemendur sé til fyrirmyndar í skólanum.

### **Einelti í skólanum**

Vinna við mótun stefnu í eineltismálum nemenda og starfsfólks er hafin og Gísli segir um hana: „*Erum að vinna í því núna að móta formlega stefnu...fyrir nemendur og starfsfólk...Það er ég sem hef stýrt því og tala þá við þolendur og gerendur..ég og aðstoðarskólameistari...Vinna við þetta hófst nú í haust*“. Ólafur segir: *Við erum nú með hóp þriggja starfsmanna sem er að búa til þessa áætlun bæði fyrir nemendur og starfsmenn...Þetta verður svo kynnt öllum og sett á heimasíðu*“. Kennarar benda á að s.l. haust hafi komið upp mál í hópi nýnema og þá hafi verið farið í að vinna þessa vinnu.

**Mat okkar** er að mikilvægt sé að móta eineltisstefnu fyrir nemendur annars vegar og starfsmenn hins vegar, hið fyrsta, og kynna hana reglulega í skólanum auk þess að birta hana á vefsíðu skólans.

## Nemendafélag

Fæstir nemendur þekkja til aðkomu stjórnenda og kennara að félagslífi nemenda en einn segir: *Já, það kemur inn til okkar forvarnarfulltrúi og mótmælir því sem hann vill mótmæla sem er mjög margt...já, eins og hann sé nemendafélagið*“. Foreldri finnst félagslíf nemenda ágætt miðað við þegar hún var sjálf í skóla. Nemandi segir: *Kennarar taka þátt í félagsstarfi. Mæta á böll og taka þátt í forvarnarstarfi og svona, koma með í ferðir. Ekki þó stjórnendur*“. Fram kom í máli stjórnenda og margra kennara að nemendur koma víða að. Töluverð hreyfing er í hópi nemenda og aldursdreifing er mikil sem virðist trufla félagslífið að einhverju leyti. Nokkrir nemendur töluðu um að nú væri verið að blása lífi í starfsemi nemendafélagsins og kennarar töluðu um að aðstæður hefðu mikið breyst til batnaðar með tilkomu nýs salar og nýbyggingarinnar.

**Mat okkar** er að félagslíf nemenda sé í daufara lagi en mikils virði að nemendur finni því farveg svo það haldi lífi.

## Forvarnarstarf

Á vefsíðu skólans er fjallað um forvarnarfulltrúa skólans og nemendur virðast allir vita hver hann er. Hann er einn af kennurum skólans og flestir nemendur telja hann skipta nokkru máli í skólanum. Ekki er fjallað mjög ýtarlega um forvarnarstarfið á vefsíðunni en eins og fram kom þá er tengill á síðunni sem felur í sér slóðir sem veita mikilvægar upplýsingar til nemenda um fíknir hvers konar og hefur forvarnargildi upp að vissu marki. Tengillinn heitir: „Ýmsir upplýsingavefir“ (29). Nemendur virðast einnig líta svo á að nærvera kennara á böllum og í ferðum feli í sér forvarnargildi. Eins og áður er nefnt er aldursdreifing mikil í skólanum og flestir sem þar ferðast eru sjálfráða. Forvarnir skipta yngsta hópinn mestu máli enda eru nemendur í þeim hópi í mestri mótun og komnir í nýjar aðstæður.

**Mat okkar** er að forvarnarstefnu skólans þurfi að skilgreina og kynna fyrir nemendum reglulega.

## Tillögur

- Tryggja að allir starfsmenn virði stefnu skólans.
- Móta eineltisstefnu fyrir nemendur og starfsmenn hið fyrsta og kynna hana reglulega.
- Forvarnarstefna skólans sé skilgreind og kynnt nemendum reglulega.

## Stoðþjónusta

### Ráðgjöf og stuðningur

Í Lögum um framhaldsskóla frá 2008, 37.gr. er kveðið á um að nemendur eigi rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar í framhaldsskóla af aðilum sem uppfylla skilyrði laga um náms- og starfsráðgjafa. Gera skal grein fyrir námsráðgjöf í skólanámskrá (14).

Í Fjölbrotaskólanum við Ármúla eru tveir námsráðgjafar sem sinna almennri námsráðgjöf og einn sem sinnir ráðgjöf við nemendur með lesblindu. Á vefsíðu skólans er gerð góð grein fyrir skipulagi almennu námsráðgjafarinnar á þenna hátt: „Þjónusta náms – og starfsráðgjafa í FÁ er fyrir alla dagskólanemendur. Í boði eru ýmiss námskeið, stuttir fyrirlestrar og einstaklingsviðtöl“ (26). Undir tenglinum: *Námsráðgjöf* er að finna marga undirtengla sem telja má mjög gagnlega fyrir nemendur og sérstaklega eyðublað, eitt af nokkrum, sem hægt er að prenta út og búa til námsáætlun svo dæmi sé tekið. Því miður vantar texta á tengilinn: *persónuleg mál* (30) en telja verður mikilvægt að nemendur geti leitað á tiltekinn stað með persónuleg vandmál sín og viti hvaða þjónusta er í boði. Námskeið eru tilgreind á vefsíðu og fjalla t.d. um árangur í námi og að auka sjálfsstyrk sinn.

Sérstakur kennslustjóri sinnir ráðgjöf við nemendur með lesblindu og mynd af honum birtist á vefsíðu skólans auk tilgreinds markmiðs sem er að styðja við nemendur með lestrar – og skriftarörðugleika. Vinnulag er skilgreint eins og ráðgjöf, aðstoð við heimanám og greining svo og sérstök úrræði við próftöku. Auk þessa eru upplýsingar um fræðsluefni og ábendingar á tengla (27).

Viðtalstímar námsráðgjafa og kennslustjóra lesblindu eru tilgreindir á vefsíðu skólans þannig að nemendur hafa tryggan aðgang að þeim.

Stoðþjónusta við skólann er mikil, sérstakur kennslustjóri í hálfu starfi vegna nemenda með leshamlanir, ekkert brottfall af starfsbrautunum segir Gísli skólameistari. Námsráðgjöf við skólann sé öflug. Stuðningur og aðstoð við heimanám fyrir nýbúa og aðra sem þess þurfa. Kennari segir: „Þannig að á endanum er skólinn kannski alltof sérhæfður fyrir nemendur með sérþarfir...sumir þeirra frábærir nemendur...sumir eiga erfiðara með nám. Gallinn er þannig ...að frábærir nemendur koma ekki hingað og drífa áfram áhuga hinna og metnað“. Nemandi segir: „Ég kom hingað og vissi ekkert að ég ætti við erfiðleika að stríða. Bara kennari kom auga á þetta...gekk illa í þýskunni. Var búinn að vera í erfiðleikum með hana í öðrum skóla...og líka hér. Hjálpar mikið, sé kannski fyrir endann á þessu“. Kennarar eru yfirleitt

## Hitt og Þetta ehf.

stoltir af stoðþjónustunni og einnig nemendur sem telja hana mikilvæga þjónustu við þá sem þess þurfa eins og leshamlaða og nemendur með annað móðurmál en íslensku.

**Mat okkar** er að stoðkerfi skólans sé vel skilgreint og nemendavænt.

Skilgreina þarf persónulega ráðgjöf á vefsíðu skólans.

### Móttaka nemenda með annað móðurmál en íslensku

Á vefsíðu skólans eru nöfn og myndir af kennslustjóra og kennurum sem koma að kennslu nemenda sem hafa annað móðurmál en íslensku. Þar segir: „Markmið er að koma til móts við nemendur með annað móðurmál en íslensku þannig að þeir nái árangri í námi og geti sýnt hvað í þeim býr“ (28). Þá er vinnulagið skilgreint sem ráðgjöf og aðstoð við heimanám. Tilgreindir eru sérstakir áfangar svo sem: stuðningsáfangi, sérstakir íslenskuáfangar, lífsleikniáfangi, upplýsingatækni og tölvunotkun og félagsfræðiáfangi (28).

Móttaka nýnema er í höndum sérstaks kennslustjóra sem segir að ákveðið móttökuferli sé í gangi og lýsir því svo: „Þegar þau koma úr tíunda bekk koma oft hópar úr grunnskólum og þeir geta pantað tíma hjá mér, kennararnir, og ég hef kynningu fyrir þau. Fer alltaf yfir lista yfir þá sem sækja um og skoða...og ef þeir hafa ekki komið í heimsókn hringi ég gjarnan í skólana og fæ upplýsingar...ég geri þetta sjálf sem kennslustjóri. Á heimasíðu geta nýbúar séð undir Stoðþjónusta...hvert starf mitt er og hvaða greinar eru í boði“. Gísli skólameistari segir að reynt sé að taka sérstaklega vel á móti öllum sem ekki hafa íslensku sem móðurmál og þá sé talað sérstaklega við þá með túlki og táknmálstúlki ef svo ber undir. Ólafur aðstoðarskólameistari segir að það séu fulltrúar frá 26 þjóðlöndum í skólanum eða um 10% nemenda séu af erlendum uppruna. Hann segir að þetta sé bæði erfið og skemmtileg staða. Hann segir: „Brottfallið var mjög mikið í þessum hópi fyrir allnokkrum árum en hefur lagast mikið eftir að við tókum markvisst á málum...með kennslustjóra og þessum stuðningsáföngum“. Kennurum finnst vel tekið á móti nemendum sem hafa annað móðurmál en íslensku og svo er einnig um nemendur og einn þeirra segir: „Ég er með nokkrum í bekk sem hafa aðlagast fint. Halda fyrirlestira á íslensku og svoleiðis“.

**Mat okkar** að mjög vel sé staðið að þjónustu við nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku og sérstaklega vandað til upplýsinga á vefsíðu skólans.

 Hitt og Petta ehf.

## Tillögur

- Stefna skólans sé í fyrirrúmi í kynningum á FÁ og nýtt til að laða að skólanum sterkari nýnemahóp með tilliti til grunngilda Þjóðfundar og breyttra áherslna í samfélaginu.
- Persónuleg ráðgjöf verði skilgreind á vefsíðu skólans.

## Mat á skólastarfi

### Innra mat og umbótastarf

Í viðtölum kom fram að skólameistari ber ábyrgð á innra matinu en framkvæmdastjóri innra mats er þróunarstjóri skólans. Í kaflanum um stjórnun og skipulag hér að framan kemur hins vegar fram að í starfslýsingum stjórnenda kemur ekki fram hver sé ábyrgur fyrir sjálfsmati, og starfslýsingu þróunarstjóra vantar.

Kennslustjórar sjá um starfsmannaviðtöl sem tengjast innra matinu. Matið er kerfisbundið að mati allra viðmælenda. Skoðanakannanir á kennslu og öðrum þjónustupáttum eru framkvæmdar samkvæmt tímaáætlun, í lok hverrar annar. Kennarar fá einkunnir hjá nemendum í kennslumatinu. Kennarar tóku þátt í að búa til spurningar í kennslumatinu og eiga því stóran þátt í því. Vandamálið er hins vegar að nemendur eru tregir til að svara matinu og svarhlutfall nemenda er því of lágt að mati stjórnenda og kennara. Gögnin eru traust upp að því marki. Kennarar leggja mismikla áherslu á framkvæmd matsins, sumir verja fráteknum tíma í það aðrir ekki. Hver og einn kennari fær sína niðurstöðu og kennslustjórar nýta matið í starfsmannaviðtölum við kennara. Skólameistari fær allt matið. Nýting matsins samkvæmt einum kennslustjóra: „*Já, við kennslustjórar tökum kennara í starfsmannaviðtöl, sem er auðvitað hluti af innra matinu og ræðum kennslumatið. Ég sé kennslumat minna kennara og við ræðum hvað má betur gera og hvað vel er gert*“.

Umbótastarf er unnið á grundvelli matsins og Ólafur aðstoðarskólameistari segir: „*Já, við höfum tekið ákveðna þætti til endurskoðunar og lagfæringa t.d. kvörtun yfir mötuneytinu. Nú er nýtt mötuneyti. Betra aðgengi að bókasafninu fyrir starfsmenn...og lagfæringar á skrifstofunni*“. Gísli skólameistari segir: *Nemendur kvörtuðu t.d. yfir tölvuþjónustu svo við löguðum það með starfsfólki*“. Kennari bendir á að nemendum sé gefið mikið vald með matinu og segir: „*Ég tel það geti orkað tvímælis...sérstaklega kannski yngri nemendur...geta komið fram sem hópur ef þau vilja ...geta komið neikvætt út ef þau vilja ná sér niðri á einhverjum...varasamt að hafa þetta svona opið...maður þarf ákveðinn þroska*“. Kennarar telja að yfirleitt gagnist matið kennurum en samt séu alltaf undantekningar frá því.

Nemendur telja sig ekki nógu kunnuga innra matinu en einn segir: *Í enda hverrar annar er tekið kennslumat...á netinu. Um námið, kennarann, hvað mætti fara betur og fleira...en ég fer ekki aftur í áfangann svo ég get ekki metið hvort eitthvað breytist*“. Það virðist því vera svo að



## Hitt og Petta ehf.

umbætur á hinu áþreifanlega birtast kennurum og nemendum en síður hið óáþreifanlega eins og kennsla.

Sjálfsmati skólans eru gerð skil á vefsíðu. Þar er sjálfsmatsáætlun og sjálfsmatskýrslur frá 2001/2002, 2003/2004, 2008/2009 og 2009/2010. Engar skýrslur eru fyrir 2003 til 2007. Niðurstöður kennslumats frá vorönn 2007 að haustönn 2010 eru aðgengilegar, svo og starfsánægjumat frá 2008 og þjónustumat frá 2008 (44).

Verk og framkvæmdaáætlun innra mats tilgreinir að starfsánægjumat og þjónustumat skuli fara fram á tveggja ára fresti, kennslumat á hverri önn og fagstjórar skili skýrslu til skólastjóra í lok hvers skólaárs með mati á námi, samskiptum og þjónustu. Þetta er einungis áætlun um viðhorfskannanir sem sumar eru orðnar á eftir áætlun.

Sjálfsmatsáætlun skólans virðist ekki hafa verið uppfærð til samræmis við 41. gr. gildandi laga um framhaldsskóla (14), reglugerð um mat og eftirlit í framhaldsskólum (59), aðalnámskrá framhaldsskóla (58) og skólasamning 2010-2012 (9). Vísað er í 23. gr. sem er í gömlu lögunum. Auk þess eru tengsl sjálfsmatsáætlunar við skólanámskrá ekki skýr, einungis er fjallað um viðhorfskannanir en ekki settar fram neinar kennitölur um skólastarfið eða árangursviðmið.

Í bæklingnum Sjálfsmat skóla sem ráðuneytið gaf út 1997 stendur: „Skólar halda nú þegar utan um margs konar upplýsingar. Úrvinnsla þessara gagna getur verið grundvöllur fyrir sjálfsmat, nýja markmiðssetningu og umbætur“ (60).

Uppgjörsskýrslur, áfangaskrár og fleiri gögn skólans gætu til dæmis innihaldið ýmsar gagnlegar upplýsingar sem hægt væri að nota í sjálfsmati, ef sett yrðu viðeigandi árangursviðmið og umbótaáætlanir. Þetta ætti sérstaklega að skoða í samræmi við nýja skólanámskrá þar sem árangursviðmið verða væntanlega skilgreind.

Kennslumat fer fram á vefrænu formi og ákveða kennslustjórar í samráði við fagstjóra hvaða áfanga skuli meta á hverri önn. Hver áfangi á að fara í kennslumat á tveggja til þriggja ára fresti. Ef skýrslur um kennslumat eru skoðaðar kemur fram að svarhlutfall er lágt og það eru mest konur sem svara.

Tafla IV

Ár	Vor	Konur	Haust	Konur
2010	48,6	70	53,5	76
2009	39,8	71	49,5	63
2008	40,4	70	43,7	69
2007	23	83	31	72

(tölur úr kennslumatsskýrslum 2007 til 2010 (61))

Viðhorfskannanir eru tölfræðilega þess eðlis að þær verða marklitlar ef svarhlutfall fer undir ákveðin mörk og ef þátttakendur eru einsleitir hópur sem ekki lýsir heildinni. Svarhlutfall var mjög lágt árið 2007 en hefur farið vaxandi og er á árinu 2010 rétt um 50% . Í skýrslunni fyrir haustönn 2010 kemur fram að skólinn hefur sett sér það viðmið að ná 60% svarhlutfalli það árið. Var áður 50%. Í skýrslunum kemur einnig fram að svarhlutfall er misjafnt eftir hópum eða deildum og fer jafnvel niður fyrir 40%. Um 70% þeirra sem svara eru konur, en það er aðeins örlítið hærra en hlutfall kvenna af nemendum skólans sem er 68% (sjá Tafla I, Skólinn).

Hver kennari fær sitt kennslumat en heildarniðurstöður eru birtar á vefsíðu. Þó að heildarniðurstöður sem birtar hafa verið fram að þessu sýni að nemendur séu yfirleitt ánægðir með skólann þá virðist úttektaraðilum að stjórnendur ættu að fara varlega í að túlka niðurstöður en greina betur ástæður lágs svarhlutfalls, sérstaklega eftir deildum/áföngum/hópum.

Ef síðasta sjálfsmatsskýrsla er skoðuð, 2009/2010, er einungis fjallað um starfsánægjumat (frá 2008), kennslumat (2006 – 2010) og þjónustumat (2008). Auk þess er greint frá nokkrum skýrslum sem fagstjórar og aðrir taka saman og geymdar eru hjá skólameistara. Engar aðrar kennitölur eru í skýrslunni, viðmið eða árangursmat.

Þrátt fyrir að nokkuð sé lagt í sjálfsmatskerfið telja úttektaraðilar vafasamt að matið uppfylli viðmið ráðuneytisins eins og þeim er lýst í aðalnámskrá framhaldsskóla: formlegt, altækt, áreiðanlegt, lýsandi, greinandi, árangursmiðað og umbótamiðað (58).

**Mat okkar** er að huga þurfi betur að svarhlutfalli þegar niðurstöður viðhorfskannana eru metnar.

Sjálfsmatsáætlun hefur ekki verið endurnýjuð til samræmis við ný lög og reglur, og getur vart talist uppfylla kröfur ráðuneytisins.



## Hitt og Þetta ehf.

Sjálfsmatsskýrslur takmarkast við niðurstöður viðhorfskannana og virðast því gagnlitlar til altæks umbótastarfs í skólanum.

Líklegt er að margs konar upplýsingar liggi nú þegar fyrir í skólanum sem hægt væri að vinna úr og nota til sjálfsmats.

### Ytra mat

Samkvæmt gildandi lögum um framhaldsskóla annast mennta- og menningarmálaráðuneytið ytra mat á skólum samkvæmt þriggja ára áætlun, og skal gerð úttekt á hverjum framhaldsskóla a.m.k. á fimm ára fresti (14, 42. gr.). Þetta er því fyrsta úttektin af þessu tagi á FÁ.

Í febrúar 2010 gerði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands könnun á innleiðingu laga um framhaldsskóla fyrir MMR, þ.m.t. FÁ (44). Þar kemur m.a. fram að í um 60% skólanna er skólanámskráin að einhverju leyti í samræmi við ákvæði 22. gr. laga um framhaldsskóla. Þessi niðurstaða og aðrar í þessari skýrslu koma ágætlega heim og saman við mat úttektaraðila hér.

Á vorönn 2007 og 2008 var gerð úttekt á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla fyrir MMR. Tíu skólar voru í hvorri úttekt og töldust sjálfsmatsaðferðir 6 skóla fullnægjandi 2007 en 8 skóla 2008. FÁ var ekki með í þessum úttektum svo ekki verður fjallað frekara um þær hér.

**Mat okkar** er að lítið sé ennþá til að styðjast við um ytra mat á FÁ.

### Tillögur

- Skýra í starfslýsingum skólans hver sé ábyrgur fyrir sjálfsmatinu.
- Sjálfsmatsáætlun FÁ verði endurnýjuð til samræmis við lög um framhaldsskóla, reglugerð, aðalnámskrá og skólasamning.
- Fyrirliggjandi gögn í skólanum verði nýtt betur við gerð sjálfsmats.
- Sjálfsmatsskýrslur byggist á altækari gögnum en viðhorfskönnunum.

## Sérdeildin

Stjórnendur, kennarar, nemendur og starfsmenn eru allir mjög jákvæðir út í starfsdeild skólans og telja hana afdráttarlaust af hinu góða. Deildin er tvískipt, léttari og þyngri deild. Gísli skólameistari segir: *Þetta auðgar skólann alveg ótrúlega mikið að hafa fötluðu nemendurnar með...og innan um hina. Hugsaðu þér kannski nemandan sem kemur hingað inn og hefur beðið algert skipbrot í grunnskóla og sér nemandan sem er miklu verr settur en hann*. Ólafur aðstoðarskólameistari segir: *„Deildin skiptist í tvennt. Sumir mest fötluðu einstaklingar á landinu eru hér...og setja mikinn svip á umhverfið*“. Kristján áfangastjóri segir: *„Hafði áhyggjur af þessu þegar þetta kom. En öðru nær. Fatlaðir nemendur innanum aðra nemendur...veit ekki af nokkru vandamáli við þetta. Nemendur sjá þarna, heilbrigðir, nýja hlið á lífinu. Þetta hefur verið mjög jákvætt. Geta fengið einingar fyrir að taka einn nemandan að sér..og taka dálítið þátt í því*“. Kennarar og nemendur telja það fela í sér ákveðið menntunargildi fyrir alla að hafa sérdeildina í skólanum. Starfsmaður segir: *„Mér finnst þau gera þetta mjög vel. Líka dugleg að taka þátt í því sem hér er...koma með börnin fram þó þau séu í hjólastólum og fara með þau niðri sal. Mér finnst það vera í góðum höndum. Samstarf við sérdeild gengið mjög vel...Halldór verið kennslustjóri alla tíð*“. Nemandi segir um sérdeildina: *„Þau eiga jafnmikið skilið og allir aðrir að upplifa svona framhaldsskólastemningu. Eflir skólann*“.

Samskiptin nemenda við sérdeildarnemendur eru mest í matsalnum þegar allir matast þar og þegar nemandi tekur að sér að aðstoða sérdeildarnemanda.

Úrræði fyrir sérdeildarnemendur sem útskrifast eru fá í mörgum tilfellum að mati foreldra, kennara og stjórnenda og því eru árin fjögur sem þeir eru í sérdeildinni mikilvæg að sögn Gísla skólameistara.

Í sérdeild eru 26 nemendur skólaárið 2010-2011 en voru 27 skólaárin 2009-2010 og 2008-2009. Á síðustu þremur árum hafa alls níu nemendur útskrifast af sérdeild FÁ (49).

**Mat okkar** er að sérdeildin hafi ótvírætt menntunargildi fyrir alla nemendur skólans og tengist beint Lögum um grunnskóla 92/2008 2.gr. þar sem fjallað er um hlutverk framhaldsskóla.

 Hitt og Þetta ehf.

## Tillögur

- Skólinn ætti að nýta sér í skólakynningum ávinninginn af því að sérdeildin er hluti af starfsemi skólans.

## Niðurstöður höfunda

### Styrkleikar og veikleikar

#### Styrkleikar

- Fagleg ábyrgð er hjá skólameistara að allra mati
- Fjölbreyttur hópur nemenda
- Fjölbreytileikinn virðist styrkja siðgæðisvitund nemenda
- Mannskilningur í fyrirrúmi meðal stjórnenda, starfsfólks og nemenda
- Sterkur kennarahópur
- Skólinn hefur orð á sér fyrir að vera góður skóli fyrir þá sem þurfa sérþjónustu
- Stefna hefur verið mótuð á mörgum sviðum
- Gott andrúmsloft er í skólanum að mati allra viðmælenda
- Skólabragur er lýðræðislegur
- Samskipti einkennast af jafnrétti og virðingu
- Skólinn er fyrsti framhaldsskólinn sem fær Grænafánann
- Skólinn hefur fengið Grænfánann þrisvar sinnum
- Skólinn styrkir læsi í víðri merkingu þess orðs
- Lausnarmiðuð hugsun varðandi ágreiningsmál er einkennandi
- Viðhorf stjórnenda til menntunar kennara eru mjög jákvæð
- Öflugt erlent samstarf
- Stoðkerfi skólans er öflugt og vel skilgreint
- Aðgengi nemenda að stjórnendum og starfsfólki er gott
- Námsráðgjöf er virk og mikils metin
- Fimm grunnþættir ráðuneytisins falla vel að starfsháttum skólans
- Nemendur eru ánægðir með kennsluna
- Innra mat er unnið samkvæmt tímaáætlun og er kerfisbundið
- Umbætur eru unnar á grundvelli matsins
- Sérdeildin nýtur virðingar og er mikils metin
- Sérdeildin er menntandi þáttur í skólastarfinu
- Fjarnámið er öflugt og víðtækt
- Endurnýjun og úrbætur í húsnæði skólans



## Veikleikar

- Fjölbreytileikinn er veikleiki
- Styrkleikar skólans eru notaðir gegn honum í samfélaginu
- Skólinn er of sérhæfður fyrir nemendur með sérþarfir
- Vantar fleiri sterka bóknámsnemendur
- Orðspori skólans sem bóknámsskóla er ábótavant
- Vantar stöðugleika í nemendahópinn
- Vinnu ekki lokið við mótun eineltisstefnu fyrir starfsmenn og nemendur
- Slakt félagslíf nemenda
- Svarhlutfall nemenda í kennslumati er of lágt
- Nemendur ókunnugir innra matinu
- Erfitt að virkja foreldra nýnema

## Tillögur að aðgerðum til úrbóta

- Styrkja þarf ímynd skólans útávið á markvissan hátt þannig að hann fái notið sérstöðu sinnar og styrkleika.
- Stefna skólans verði í fyrirrúmi í kynningum á FÁ og nýtt til að laða að skólanum sterkari nemendur með tilvísun í Lög um framhaldsskóla 92/2008 2.gr. þar sem fjallað er um hlutverk framhaldsskóla og grunnildir sem fram komu á Þjóðfundi haustið 2010.
- Skólinn nýti í kynningum menntunargildið sem felst í því að sérdeild er hluti af starfsemi skólans.
- Fjárframlög til FÁ taki tillit til hins víðtæka þjónustuhlutverks sem hann gegnir í samfélaginu.
- Aðkoma nemenda að mótun skólastefnu sé skýr.
- Starf þróunarstjóra sé betur skilgreint.
- Skýrt sé í starfslýsingum skólans hver sé ábyrgur fyrir sjálfsmatinu.
- Sjálfsmatsáætlun FÁ verði endurnýjuð til samræmis við Lög um framhaldsskóla frá 2008, reglugerð, aðalnámskrá og skólasamning.
- Sjálfsmatsskýrslur byggist á altækari gögnum en viðhorfskönnunum.
- Áhættumat verði gert fyrir skólann.
- Tryggt sé að allir starfsmenn virði stefnu skólans.



## Hitt og Þetta ehf.

- Mótuð verði eineltisstefna fyrir nemendur og starfsmenn hið fyrsta og tryggt að hún verði kynnt reglulega.

## Heimildir

1. Vefsíða – um byggingarmál: <http://fa.is/fjolbrautaskolinn/um-byggingarmal/>, 14.01.2011.
2. Vefsíða – um byggingarmál/afstöðumynd: <http://www.fa.is/ritstjorn/bygging/tillaga1.pdf>; 14.01.2011.
3. Vefsíða – námskrá/námsmat: <http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/namskra/namsmat/>, 14.01.2011.
4. Vefsíða – námskrá/menntastefna skólans: <http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/namskra/menntastefna/>, 14.01.2011.
5. Vefsíða – námskrá/um skólann: <http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/namskra/umskolann/>, 14.01.2010.
6. Vefsíða – námskrá/lýsing á skipulagi skólans: <http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/namskra/skipulag/>, 14.01.2011.
7. Vefsíða – námskrá/skipurit skólans: <http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/namskra/skipurit/>, 14.01.2011.
8. Vefsíða – skólinn/vikupistill skólameistara: <http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/nr/2524>, 14.01.2011.
9. 351 Fjölbrautaskólinn við Ármúla, skólasamningur 2010-2012, 1. janúar 2010.
10. Vefsíða – námsbrautir: <http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/brautir/>. 14.01.2011.
11. Lög um breytingar á lögum nr. 92/2008, um framhaldsskóla: <http://www.menntamalaraduneyti.is/log-og-reglugerdir/>, 08.01.2010.
12. Vefsíða – skólinn/foreldrafélag: <http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/foreldrafelag/>, 15.01.2011.
13. Vefsíða – vikupistill skólameistara (2010/7): <http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/nr/2410>, 15.01.2011.
14. Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008: <http://www.menntamalaraduneyti.is/log-og-reglugerdir/>, 07.01.2011.
15. Reglugerð um skólanefndir við framhaldsskóla, nr. 132/1997: <http://www.menntamalaraduneyti.is/log-og-reglugerdir/>, 07.01.2011.
16. Reglugerð um skólaráð við framhaldsskóla, nr. 140/1997: <http://www.menntamalaraduneyti.is/log-og-reglugerdir/>, 07.01.2011.



17. Reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum (920/2006):  
<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=f7407678-b43f-4236-bb2c-b79efe441840>, 12.01.2011.
18. Vinnueftirlitið – vinnuumhverfisvísar:  
<http://www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/is/utgafa/vinnuumhverfisvisar/>, 12.01.2011.
19. Könnun meðal skólameistara og rektora á innleiðingu og framkvæmd laga um framhaldsskóla, HÍ febrúar 2010:  
[http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/Skyrsla\\_framhaldsskolar\\_loka\\_25.02.10.pdf](http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/Skyrsla_framhaldsskolar_loka_25.02.10.pdf),
20. Vefsíða – vikupistill skólameistara (2011/2):  
<http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/nr/2525>, 16.01.2011.
21. Vefsíða – ráðstefnur og endurmenntun: <http://fa.is/fjolbrautaskolinn/radstefnur/>,  
16.01.2011.
22. Vefsíða – skólinn/bókasafn: <http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/bokasafn/arsskyrsla/>,  
16.01.2011.
23. Vefsíða – skólinn/international relations:  
<http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/erlsamskipti/>, 16.01.2011.
24. Vefsíða – mótuneyti: <http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/motuneyti/>, 16.01.2011.
25. Vefsíða – viðbragðsáætlun almannavarna fyrir FÁ:  
<http://www.fa.is/ritstjorn/forvarnir/vidbrag.pdf>, 16.01.2011.
26. Vefsíða – Þjónusta/náms- og starfsráðgjöf: <http://www.fa.is/nam/namsradgjof/>,  
17.01.2011.
27. Vefsíða – Þjónusta/stoðkerfi, dislexía, lesblinda: <http://www.fa.is/thjonusta/dyslexia/>,  
17.01.2011.
28. Vefsíða – Þjónusta/stoðkerfi fyrir nemendur af erlendum uppruna:  
<http://www.fa.is/thjonusta/nybuar/>, 17.01.2011.
29. Vefsíða – Þjónusta/ýmsir upplýsingavefir:  
[http://www.fa.is/thjonusta/forvarnir/ymsir\\_vefir/](http://www.fa.is/thjonusta/forvarnir/ymsir_vefir/), 17.01.2011.
30. Vefsíða – Nám/náms- og starfsráðgjöf/persónuleg mál:  
<http://www.fa.is/nam/namsradgjof/personuleg/>, 17.01.2011.
31. Vefsíða – Nám/deildir: <http://www.fa.is/nam/deildir/>, 17.01.2011.
32. Vefsíða – Nám/áfangar í boði: <http://www.fa.is/nam/afangar-i-bodi/>, 17.01.2011.
33. Vefsíða – Nám/áfangar í boði/ENS102: <http://www.fa.is/nam/afangar-i-bodi/pnr/41>,  
17.01.2011.
34. Vefpóstur frá Gísla Ragnarssyni til Jóns Bergssonar, 17.01.2011, 10:17.





## Hitt og þetta ehf.

35. Vefpóstur frá Gísla Ragnarssyni til Jóns Bergssonar, 17.01.2011, 10:40.
36. Vefpóstur frá Gísla Ragnarssyni til Jóns Bergssonar, 17.01.2011, 10:46.
37. Vefsíða – Nám/námskrá/innleiðing nýrrar námskrár:  
<http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/namskra/nynamskra/>, 17.01.2011.
38. Vefsíða – Nám/námskrá: <http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/namskra/>, 17.01.2011.
39. Vefsíða – Nám/námsrá/umhverfisstefna/samgöngustefna:  
<http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/namskra/umhverfisstefna/graengrein/>, 17.01.2011.
40. Vefsíða – Nám/námsbrautir/félagsfræðibraut:  
<http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/brautir/felbraut/>, 17.01.2011.
41. Vefpóstur frá Gísla Ragnarssyni til Jóns Bergssonar, 17.01.2011, 13:48.
42. Vefsíða – Nám/námskrá/áfallaáætlun:  
<http://www.fa.is/ritstjorn/namskra/afallaaetlun.htm>, 17.01.2011.
43. Vefsíða – Nám/námskrá/siðareglur:  
<http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/namskra/sidareglur/>, 17.01.2011.
44. Vefsíða – Nám/námskrá/sjálfsmatsáætlun:  
<http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/namskra/sjalfsmatsaetlun/>, 17.01.2011.
45. Vefsíða – Heilbrigðisskólinn: <http://www.fa.is/heilbrigðisskolinn>, 17.01.2011.
46. Vefsíða – Nám/námskrá/inntökuslilyrði:  
<http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/namskra/inntokuskilyrði/>, 18.01.2011.
47. Úttekt á fjarkennslu í framhaldsskólum fyrir MMR, júní 2010:  
[http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/fjarnam\\_uttekt\\_2010.pdf](http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/fjarnam_uttekt_2010.pdf), 18.01.2010.
48. Vefpóstur frá Gísla Ragnarssyni til Jóns Bergssonar, 18.01.2011, 10:35.
49. Vefpóstur frá Gísla Ragnarssyni til Jóns Bergssonar, 17.01.2011, 16:08.
50. Vefpóstur frá Gísla Ragnarssyni til Jóns Bergssonar, 18.01.2011, 13:08.
51. Vefsíða – Nám/námskrá/innleiðing nýrrar námskrár/almenn braut:  
[http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/namskra/nynamskra/nams\\_brautir/an](http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/namskra/nynamskra/nams_brautir/an), 18.01.2011.
52. Vefpóstur frá Gísla Ragnarssyni til Jóns Bergssonar, 18.01.2011, 15:19.
53. Vefsíða – Skólinn/skóladagatal: <http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/dagatal/>,  
18.01.2011.
54. Vefsíða – Skólinn/árdagar: <http://www.fa.is/ritstjorn/frettir/ard2010/dagskr2010.htm>,  
18.01.2011.
55. Vefsíða – Skólinn/skólaráð: <http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/hlidarval/skolarad>,  
19.01.2011.



56. Vefsíða – Skólinn/umhverfisstefna/umhverfisnefnd:  
<http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/umhverfisstefna/umhverfisnefnd/>, 19.01.2011.
57. Vefsíða – Námskrá/umhverfisstefna:  
<http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/namskra/umhverfisstefna/>, 19.01.2011.
58. Aðalnámskrá framhaldsskóla 2004: <http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/Mmal.pdf>,  
12.01.2011.
59. Reglugerð um mat og eftirlit í framhaldsskólum, nr. 700/2010:  
<http://www.menntamalaraduneyti.is/log-og-reglugerdir/>, 19.01.2011.
60. Sjálfsmat skóla, menntamálaráðuneytið 1997:  
[http://bella.stjr.is/utgafur/sjalfsmat\\_skola.pdf](http://bella.stjr.is/utgafur/sjalfsmat_skola.pdf), 13.01.2011.
61. Vefsíða – Nám/námskrá/sjálfsmatsáætlun/kennslumat:  
<http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/namskra/sjalfsmatsaetlun/kennslumat/>, 19.01.2011.
62. Könnun meðal skólameistara og rektora á innleiðingu og framkvæmd laga um framhaldsskóla, HÍ febrúar 2010:  
[http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/Skyrsla\\_framhaldsskolar\\_loka\\_25.02.10.pdf](http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/Skyrsla_framhaldsskolar_loka_25.02.10.pdf),  
13.01.2010.
63. Erindisbréf vegna úttektar á Fjölbrautaskólanum við Ármúla, 20. október 2010,  
MMR10090452/6.14.3-
64. Samstarf heimila og skóla, könnun og athugun á viðhorfum foráðamanna nemenda og skólameistara Fjölbrautaskólans við Ármúla, Hannes Ísberg Ólafsson, ágúst 2001.